INGA RÓSA ÁGÚSTSDÓTTIR

Bakar bananabrauð sem er gott í frystinn

• matur • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

UNNUR ÖSP OG SELMA BJÖRNS

Slefan slitnar ekki milli þeirra

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. október 2008 — 277. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Ungt fólk í öndvegi

Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn er haldinn í dag.

TÍMAMÓT 18

Fórnarlambið?

„Davíð hefur, að eigin sögn, verið saklaust fórnarlamb óreiðumanna og brennuvarga“, skrifar Jón Baldvin Hannibalsson.

UMRÆÐAN 16

Tap hjá Haukum

Haukar töpuðu fyrir þýska stórliðinu Flensburg ytra í Meistaradeildinni.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING EÐA SKÚRIR Í dag verða víðast suðaustan og austan 5-10 m/s. Rigning eða skúrir. Hiti 5-12 stig mildast sunnan til.

VEÐUR 4

Milliríkjadeila í miðri efnahagskreppunni

Gordon Brown úthúðaði íslenskum stjórnvöldum á sjónvarpsstöðinni Sky í gær. Hann varði ákvörðun breskra stjórnvalda að beita hryðjuverkalögum. Geir Haarde segist ekki ætla að munnhöggvast við Brown.

EFNAHAGSMÁL „Þau geta ekki bara neitað að standa í skilum,“ sagði Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, um íslensk stjórnvöld og innstæður Breta í íslenskum bönkum á Sky-sjónvarpsstöðinni í gær. Hann sagði það hafa verið rétta ákvörðun að grípa til ákvæða í lögum um hryðjuverk til að kyrrsetja íslenskar eigur í Bretlandi. Þá sagðist hann telja íslensku þjóðina í raun gjaldþrota.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segist ekki geta skýrt þessar harðorðu yfirlýsingar Browns og ætli ekki að munnhöggvast við hann. Hann hafi undir höndum yfirlýsingu Alistairs Darling, fjármálaráðherra Bretlands, um að greitt verði fyrir að eðlileg viðskipti milli landanna geti átt sér stað – jafnvel þótt Landsbankinn eigi í hlut – og að Bretar vilji leysa málin með samstarfi á vettvangi stjórnvalda.

„Meðan ekki kemur annað í ljós hljótum við að treysta því að þessir pappírar standi,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. Hann segist ekki átta sig á tímaröð yfirlýsinga bresku ráðherranna eða hvort misskilnings gæti innan breska stjórnkerfisins. Sjá verði í dag hver þróun mála verði.

„Ég veit vel að þetta er viðkvæmt mál í Bretlandi og einhverjir á borð við sveitarfélögin verða fyrir hnjaski en okkar vilji stendur eindregið til þess að leysa þessi mál í einhvers konar samkomulagi við bresk yfirvöld.“ Breskir embættismenn eru væntanlegir til landsins í dag til viðræðna við íslenska ráðamenn. Þá munu fjármálaráðherrar Íslands og Bretlands hittast í Washington í dag en þeir eru þar á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans.

Hollensk stjórnvöld lýstu því yfir í gær að þau tryggi ekki innstæður á Icesave-reikningum þar í landi. Geir segist vita af þeirri afstöðu Hollendinga og koma þurfi á samræðum milli yfirvalda landanna til að leysa úr þeim málum.

„Mín skýring á þessu er helst sú að Gordon Brown hafi í reynd verið að tala inn í atburðarás gærdagsins [miðvikudagsins] þegar þessi mikli hiti var. Hann hafi einfaldlega ekki fengið upplýsingar um hver var niðurstaða Geirs og Darlings,“ segir Össur Skarphéðinsson, starfandi utanríkisráðherra.

Össur kallaði sendiherra Bretlands á Íslandi á sinn fund í gær og tjáði honum hörð mótmæli við því að Bretar skyldu láta hryðjuverkalög ná yfir Íslendinga. „Ég, bæði sem gamall unnandi Breta og menntaður á kostnað ríkisstjórnar hennar hátignar, varð bæði sár og reiður yfir því að þessi góða þjóð skyldi með þessum hætti setja okkur á sama bás og ótínda terrorista.“ Össur segir málið allt hryggja sig en kveðst vongóður um að það komist í eðlilegan farveg. „Mér þykir dapurlegt að flokksbróðir minn, því ég er enn þá í breska Verkamannaflokknum, skuli ekki sjá að svona kemur maður ekki fram við gamla granna. Íslendingar eru ekki terroristar og það veit Gordon Brown fullvel.“

- bþs, sh, gb / sjá síðu 4

BRESKA PRESSAN Í MORGUN „Kalt stríð“ og „Skilið peningunum okkar“ eru meðal forsíðufyrirsagna helstu dagblaða Bretlands í dag. Ísland er alls staðar í brennidepli í kjölfar ummæla sem Gordon Brown lét falla á sjónvarpsstöðinni Sky.

Um hvað er að tefla?

Deilan snýst um innstæður breskra sveitarfélaga og opinberra stofnana á reikningum íslenskra banka í Bretlandi. Innlánin nema alls um milljarði punda, eða jafnvirði tæplega 182 milljarða íslenskra króna, á opinberu gengi gærdagsins.

SPURNING DAGSINS

Þórhallur, kveður ekkert við annan tón?

„Jú, nú getum við virkilega farið að syngja raddað.“

Þórhallur Vilhjálmsson, markaðsstjóri Portus hf., sem sér um byggingu tónlistarhússins, segist bjartsýnn á að húsið rísi þrátt fyrir skakkaföll í efnahagslífinu.

Stjórnarformaður Baugs segir fyrirtækið lent inni í miðri milliríkjadeilu í Bretlandi:

Ástandið algjörlega ófært

VIÐSKIPTI Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, segir að ástandið í Bretlandi sé orðið afar viðkvæmt gagnvart íslenskum fyrirtækjum og starfsemi á þeirra vegum. Svo virðist sem upp sé komin harðvítug milliríkjadeila vegna innlánsreikninga Landsbankans og það bitni harkalega á starfsemi Baugs, sem reki fjölmargar verslanir í landinu og hafi um 55 þúsund manns í vinnu.

„Fyrirtæki sem tryggja vörukaup okkar hafa haft samband og vilja segja upp öllum samningum við fyrirtækið. Ástæðan sem þau gefa upp er að íslensk stjórnvöld hafi gefið út þá yfirlýsingu að ekki standi til að greiða erlendar skuldir Íslendinga,“ segir Jón Ásgeir, en hann ræddi málið við Geir H. Haarde forsætisráðherra símleiðis í gær.

> Ástandið er auðvitað algjörlega ófært.
>
> **JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**
> STJÓRNARFORMAÐUR BAUGS

Spurður hvort íslenskir kaupsýslumenn beri ekki mikla ábyrgð á þeirri ímynd sem Ísland hafi nú í breskri umræðu, segir Jón Ásgeir að Baugur hafi um árabil staðið fyrir farsælum rekstri í Bretlandi, án nokkurra árekstra, og því sé þetta mikið áfall.

„Ástandið er auðvitað algjörlega ófært og við erum hér í mikilli baráttu og þurfum fyrst og fremst að vernda þessi fyrirtæki og allt starfsfólkið. Við verðum að gera ráðstafanir í samræmi við það,“ segir Jón Ásgeir, en breskir fjölmiðlar gera því skóna að Baugur hyggist nú selja einhvern hluta af starfsemi sinni þar í landi. - bih

Herjólfur fær á sig brotsjó:

Öldurnar fóru inn um glugga

SLYS Herjólfur, eða skip frá Eistlandi sem leysir hann af, fékk á sig brotsjó rétt utan við mynni Þorlákshafnar með þeim afleiðingum að þrír gluggar á farþegaþilfari brotnuðu í gærkvöldi.

„Sjórinn flæddi með glerbrotum og látum hérna inn og landkrabbarnir urðu ansi hræddir,“ segir Auðunn Jörgenson, sjómaður frá Vestmannaeyjum, sem var um borð. „En það var alveg stórkostlegt að sjá hversu vel þernurnar stóðu sig í því að róa mannskapinn niður. Ég er líka viss um það að hinn eini sanni Herjólfur hefði staðið þetta af sér án þess að láta á sjá.“ - jse

Forstjóri Íbúðalánasjóðs:

Frysta lán leigufélaga

HÚSNÆÐISMÁL Einkarekin leigufélög, sem eru í viðskiptum við Íbúðalánasjóð, eru í greiðsluvandræðum. Íbúðalánasjóður hefur verið með þrjú til fjögur slík mál til umfjöllunar upp á síðkastið. „Við höfum fengið slíkar umsóknir og þeim er að fjölga,“ segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs.

Íbúðalánasjóður getur fryst lán að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. „Gerð sé ítarleg grein fyrir stöðu félagsins, framtíðarsýn og að frystingartíminn sé notaður til að endurskipuleggja starfsemina og að líkur séu á því að félagið sé betur í stakk búið til að standa við skuldbindingar sínar að frystingartímanum liðnum,“ segir Guðmundur.

Sum leigufélaganna eiga íbúðir í tuga- eða jafnvel hundruðatali. - ghs

Seðlabankinn:

Ingimundur í veikindafrí

EFNAHAGSMÁL Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri hefur samkvæmt læknisráði farið í veikindafrí. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Seðlabankanum og þar segir enn fremur að hann snúi að öllum líkindum fljótlega aftur til starfa.

Hann er einn af þremur seðlabankastjórum ásamt Davíð Oddssyni og Eiríki Guðnasyni. - jse

SIMBABVE

Verðbólgumet enn á ný

Verðbólgan í Simbabve hefur enn náð nýjum og áður óþekktum hæðum. Samkvæmt nýjustu útreikningum þarlendra stjórnvalda mældist hún 231 milljón prósent í júlí síðastliðnum. Óháðir hagfræðingar telja hana nú mælast í milljörðum prósenta.

Viðskipti fyrirtækja við útlönd liggja niðri

Fjölmörg íslensk út- og innflutningsfyrirtæki geta ekki átt viðskipti þar sem Ísland nýtur ekki lengur trausts. Framkvæmdastjóri LÍÚ segir mörg úrræði í pípunum til að koma sjávarútveginum til bjargar í þessum kröggum.

EFNAHAGSMÁL „Það er algjört vantraust á markaði gagnvart öllu sem snýr að Íslandi,“ sagði Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, í gær. Vegna þeirra aðgerða breskra yfirvalda að frysta eigur íslensku bankanna þar í landi og vegna almenns vantrausts gagnvart íslenskum fyrirtækjum lágu viðskipti fjölmargra íslenskra fyrirtækja við útlönd nær niðri í gær.

„Það eru bara öll viðskipti í frosti, hvort sem er í Bretlandi eða á Norðurlöndunum,“ bætti Andrés við. „Ég þekki mýmörg dæmi um það að fyrirtæki hér hafi viljað borga sínum erlendu birgjum reikninga sína en peningarnir hafa ekki skilað sér inn á bækur birgjanna erlendis.“

„Þetta er bara þannig að við getum ekki átt viðskipti við útlönd, það eru öll greiðslukerfi hrunin niður,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. „Við erum að selja fisk en fáum hann ekki greiddan eins og staðan er, við getum heldur ekki borgað reikninga úti sem eru að gjaldfalla. Og vegna framkvæmda ætluðum við að kaupa vörur úti sem við ætluðum að láta flytja heim en það er heldur ekki hægt eins og er. Með öðrum orðum: Ísland er komið á lista yfir lönd sem njóta ekki trausts, ekki ólíkt því sem gerðist með Rússa eftir fall kommúnismans.“

Einnig hafa margir íslenskir útgerðarmenn ekki getað keypt olíu á skip sín víða erlendis nema með því að greiða hana fyrir fram en hingað til hafa slík kaup verið sett á reikning sem síðan er greiddur jafnvel mánuði eftir afhendingu.

LÖNDUN Á REYÐARFIRÐI Hingað til hefur verið karpað um það hversu mikið má veiða en í gær var vandi sjávarútvegsins að viðskiptin lágu að mestu niðri.

FRIÐRIK JÓN ARNGRÍMSSON

SIGURGEIR BRYNJAR KRISTGEIRSSON

„Við erum í viðræðum við stjórnvöld um það hvernig við ætlum að komast í gegnum þetta,“ segir Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útgerðarmanna. „Og til að svo megi verða þá er náttúrulega nauðsynlegt að eðlileg bankaviðskipti komist á og að lánalínur erlendra gjaldmiðla verði opnar og klárar. Ríkisstjórnin hefur náð nokkrum árangri í dag [gær] þannig að svo megi verða. Síðan þarf að fara í aðrar aðgerðir eins og til dæmis að fá framlengingu kúlulána sem eru ekki með einn gjalddaga, jafnvel frestun afborgana en sérstaklega að frysta framvirka gjaldmiðlasamninga þangað til krónan styrkist.“ jse@frettabladid.is

FYLGST MEÐ TÖLUNUM Bandarísk hlutabréf féllu talsvert í verði í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áfram órói á mörkuðunum:

Lækkun á lækkun ofan

VIÐSKIPTI Gengi hlutabréfa í bandaríska bílaframleiðandanum General Motors féll um 31 prósent í Bandaríkjunum í dag eftir að matsfyrirtækið Standard & Poor´s setti félagið á athugunarlista með mögulega lækkun í huga.

Fallið dró bandarískan hlutabréfamarkað með sér með miklum skelli. Dow Jones-hlutabréfavísitalan hrapaði um 7,33 prósent og endaði í rúmum 8.500 stigum. Vísitalan hefur ekki verið lægri í fimm og hálft ár.

Gengi bréfa í DeCode féll um 8,44 prósent á sama tíma og endaði í 44 sentum á hlut. - jab

Fjármálaráðherra Noregs:

Íslensku reglurnar gildi

NOREGUR Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, lætur nú rannsaka hvort íslenskar tryggingareglur eigi að halda um viðskiptavini Kaupþings í Noregi eða hvort norskar reglur gildi.

Ef íslenskar reglur gilda þá eru innistæður tryggðar upp að 20 þúsund evrum. Ef norskar reglur gilda eru innistæður tryggðar upp að 2 milljónum norskra króna.

„Ég mun taka málið upp með íslenskum stjórnvöldum,“ segir Kristin í Dagens Næringsliv. - ghs

Forsætisráðherra hefur rætt aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við fulltrúa hans:

Skilyrði IMF enn í mótun

EFNAHAGSMÁL Ekki liggur fyrir með hvaða hætti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gæti komið að endurreisn íslensks efnahags. Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur rætt við sendinefnd sjóðsins sem hér hefur dvalið síðustu daga.

„Við höfum verið aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum frá 1945 og eigum þar auðvitað sama rétt á fyrirgreiðslu og aðrar þjóðir ef við óskum eftir henni,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gær. „Við höfum haft ástæðu til að ræða þau mál all ítarlega við sendinefndina sem hér er stödd og kynnt okkur hvaða möguleika og hvaða skilyrði sjóðurinn setur. Ég á von á að okkur yrði vel tekið ef við myndum fara fram á þetta en við höfum ekki enn þá tekið afstöðu til þess.“ Skilyrði sjóðsins liggi ekki endanlega fyrir, þau þurfi að athuga betur.

GEIR H. HAARDE

Geir segist trúa að Ísland geti öðlast traust meðal þjóðanna á nýjan leik; grunnstoðir samfélagsins séu sterkar og landsmenn geti aðlagað sig að breyttum aðstæðum. Hann trúir að Íslendingum muni vegna vel þegar þeir verða lausir við þann skuldaklafa sem hlaðist hafði utan á fjármálakerfið enda mikilvægt við endurreisn trausts að semja um skuldir þjóðarbúsins og halda ríkissjóði skuldlausum. Aðspurður segir hann erfitt að segja til um hvenær hægt verði að endurheimta traustið, en vonandi komist mál í sem eðlilegast horf þegar búið verði að stofna nýja banka upp úr Glitni og Kaupþingi, líkt og gert var við Landsbankann í gær. „Það er ómögulegt að segja hve langan tíma þarf til að hlutirnir jafni sig út á við, kannski einhverja mánuði, kannski eitthvað meira.“

Spurður hvort til greina komi að ríkisstjórnin beiti sér fyrir flýtiframkvæmdum við byggingu álvers í Helguvík og stækkun þess frá því sem áður var áætlað segir Geir það sína skoðun að stjórnvöld ættu að beita sér fyrir að skapa fleiri störf. „Og þá kemur allt til greina að mínum dómi.“

- bþs

Hagfræði

ÍSLENSKA SIÁJS NÁT 43873 10/08

GENGIÐ 09.08.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	105,17	105,67
Sterlingspund	181,87	182,75
Evra	143,87	144,67
Dönsk króna	19,296	19,408
Norsk króna	17,189	17,291
Sænsk króna	14,868	14,956
Japanskt jen	1,0455	1,0517
SDR	161,05	162,01

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 191,6819

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sigurlaug Gísladóttir hefur lifað tvær kreppur en er bjartsýn nú sem endranær:

Hefur tvisvar tapað sparifénu í kreppu

FÓLK „Ég er alls ekkert miður mín vegna þessa ástands. Ég er alltaf bjartsýn og vona bara það besta," segir Sigurlaug Gísladóttir, 86 ára gamall Seltjarnarnesbúi. Sigurlaug hefur að öllum líkindum tapað sparifé sínu á krepputímum tvisvar sinnum, fyrst árið 1930 og aftur nú, en tekur fram að í hvorugt skiptið hafi verið um háar fjárhæðir að ræða.

Sigurlaug var níu ára stúlka á bænum Þórisdal í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu þegar alheimskreppan reið yfir árið 1930. Hún segir enga banka hafa verið úti á landi í þá daga, heldur hafi fólk átt reikninga í kaupfélögunum sem lagt var inn á og tekið út af. „Ég heiti í höfuðið á hjónum sem dóu ung og hafði verið ánafnað einhverjum peningum í þeirra nafni. Foreldrar mínir höfðu nýlokið við að byggja stórt hús og skulduðu vegna þess, og þegar kreppan kom og fólk gat ekki borgað reikninga voru allar eigur þeirra teknar yfir af kreppulánasjóðnum svokallaða. Þar á meðal voru aurarnir mínir."

Þegar Flugfélag Íslands hóf flug til og frá Hornafirði nokkrum árum síðar fékk Sigurlaug minnstu hlutabréfin í fyrirtækinu í afmælisgjöf. Með viðkomu í Flugleiðum enduðu þau bréf svo í Glitni í vor.

„Þá vildi ég selja bréfin því mér leist ekkert á fyrirtækið, en kom mér aldrei að því. Nú eru bréfin líklega einskis virði," segir Sigurlaug og bætir við að hún sé pollróleg yfir þessu. Skellurinn sé ekki mikill fyrir sig.

- kg



POLLRÓLEG Sigurlaug missti sparifé sitt til kreppulánasjóðs árið 1930 og býst við að bréfin í Flugfélagi Íslands sem hún eignaðist sem unglingur séu verðlaus eftir fall Glitnis. Fréttablaðið/Anton

LENNONONO-VEITING Yoko Ono og dr. Vandana Shiva eftir afhendingu LennonOno-viðurkenningarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LennonOno-viðurkenningin:

Íslenska þjóðin verðlaunuð

VIÐURKENNING „Ég veit ekki til þess að heilli þjóð hafi verið veitt slík verðlaun áður. Ég er því frekar stolt af þessari hugmynd minni," sagði Yoko Ono, ekkja Johns Lennon, að lokinni afhendingu LennonOno-friðarviðurkenningarinnar í Höfða í gær.

Verðlaunin komu í hlut íslensku þjóðarinnar, fyrir áratuga hollustu og frumkvöðlastarf við nýtingu jarðhita og hreinnar orku, og indverski vísindamaðurinn dr. Vandana Shiva, fyrir ævistarf í þágu umhverfis og friðar. Hvorri viðurkenningunni fylgir 50.000 dollara peningagjöf, andvirði ríflega fimm milljóna króna Friðarsúlan var tendruð í gær. - kg

Heimilisofbeldi:

Mikið annríki í Kvennaathvarfi

EFNAHAGSMÁL Mjög mikið álag hefur verið í Kvennaathvarfinu undanfarnar vikur. Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra athvarfsins, segir þó óvarlegt að tengja álagið efnahagsástandi þjóðarinnar beint.

Vitað sé að þegar vandamál aukist á heimilum og í samfélaginu geti reiðin brotist út í heimilisofbeldi. Annríki hafi þó ríkt í um það bil ár í athvarfinu og þótt tímabilið sé afar erfitt þurfi það ekki að tengjast þrengingum í efnahagsmálum. - kdk

Ábyrgðin er alfarið hjá Íslendingum

Forsætisráðherra Breta segir Ísland í raun gjaldþrota. Stjórnvöld hér verði að taka fulla ábyrgð á hruni íslenskra banka. Engrar afsökunarbeiðni er að vænta vegna þess að beitt var lögum um hryðjuverkastarfsemi gegn bönkunum.

BRETLAND „Þetta er mjög óvenjulegt ástand, að heilt land sé í raun orðið gjaldþrota," sagði Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, í viðtali við bresku sjónvarpsstöðina Sky síðdegis í gær. Hann telur engan vafa leika á því „að þegar íslenskir bankar hafa hrunið þá verði íslensk stjórnvöld að taka fulla ábyrgð á því".

„Þau geta ekki bara neitað að standa í skilum," segir Brown. „Þau geta ekki sagt að þau ætli sér ekki að bera neina ábyrgð á því sem hefur gerst."

Hann var spurður út í þau ummæli Geirs Haarde forsætisráðherra að það væri óviðeigandi að beita Íslendinga lögum sem sett voru gegn hryðjuverkastarfsemi:

„Ég tel að almenningur, sem fylgist með þessum atburðum öllum, átti sig á því að þegar sparnaður fólks og innstæður eru í hættu, þá höfum við rétt til að grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að kyrrsetja eignirnar ef við höfum engar aðrar leiðir," sagði hann. „Við gripum til þessara aðgerða. Ég biðst ekki afsökunar á því. Ég tel rétt að hafa gert þetta við þessar kringumstæður. Við höfum einnig áhyggjur af því að fé hafi verið flutt frá London til Íslands. Ég tel mikilvægt að átta sig á því að þetta er eitthvað sem við erum að skoða líka."

Hann segir engan vafa leika á því að ábyrgðin á fjárfestingum breskra sveitarstjórna í íslenskum bönkum liggi einnig hjá íslenskum stjórnvöldum: „Þau eiga að greiða þetta fé til baka. Þau bera ábyrgð á því," segir Brown. „Þau hafa sett reglurnar, þau hafa eftirlitsskylduna, það eru þau sem bera ábyrgðina á því sem íslenskir bankar með aðsetur á Íslandi eru að gera. Við væntum þess að þau standi við skuldbindingar sínar."

GORDON BROWN Forsætisráðherra Bretlands segir íslensk stjórnvöld bera ábyrgðina, bæði á innstæðum einstaklinga í íslenskum bönkum í Bretlandi og einnig á fjárfestingum breskra sveitarfélaga í íslenskum bönkum.

Bresk stjórnvöld hafa að hans mati brugðist við af fullri ábyrgð:

„Við erum staðráðin í að gera það sem við getum til að hjálpa sveitarstjórnunum og líka einstaklingum sem hafa átt inneignir á reikningum í íslensku bönkunum. En ábyrgðin á þessu liggur algerlega hjá íslenskum stjórnvöldum og þeim ber skylda til að finna leiðir til að standa við skuldbindingar gagnvart almennum borgurum sem hafa fjárfest í íslenskum bönkum."

gudsteinn@frettabladid.is

Olíuverð lækkar áfram:

OPEC-ríkin boða til fundar

BANDARÍKIN, AP Heimsverð á olíu hefur lækkað hratt síðustu daga og hefur ekki verið lægra á þessu ári. Tunnan af olíu kostaði 87,10 dali í gær.

Stýrivaxtalækkanir helstu seðlabanka heims höfðu líka sín áhrif til lækkunar á olíuverði. Einnig virðast hafa haft áhrif nýjar upplýsingar frá Bandaríkjastjórn um að efnahagsvandræðin í Bandaríkjunum hafi valdið því að Bandaríkjamenn noti bifreiðar sínar minna en áður.

Samtök olíuframleiðsluríkja, OPEC, hafa boðað til fundar 18. nóvember til þess að ræða ástandið. Talið er að þau muni draga úr framleiðslu til þess að stöðva verðlækkunina. - gb

Babalú á Skólavörðustíg:

Lánsfjárkreppukökur í boði

NEYTENDUR „Okkur datt í hug að fólk myndi vilja setjast niður á þægilegum stað og fá sér kaffi og kökur á viðráðanlegu verði," segir Glen Barken, einn eigenda kaffihússins Babalú við Skólavörðustíg. Babalú býður þessa dagana upp á svokallað „kreppukaffi" á 200 krónur bollann. Sama verð er á stórum og stökkum hafrakökum, sem gefið hefur verið hið viðeigandi nafn „credit-crunch cookies", eða „lánsfjárkreppukökur".

GLEN BARKEN

Glen segir ástandið í efnahagsmálum vissulega áhyggjuefni. „Við höfum þó ekkert keypt með lánum. Við fjárfestum í bjór og kaffi og erum góðir næstu tvo mánuði að minnsta kosti," segir Glen og skellir upp úr. - kg

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

HELGIN
Á morgun snýst hann í norðanátt, yfirleitt 3-8 m/s. Rigning eða slydda verður norðan til á landinu en syðra léttir smám saman til. Á sunnudag snýst þetta við. Þá verður suðaustan átt með vætu sunnan til en þurrt og skýjað með köflum nyrðra. Veður fer heldur kólnandi.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	15°
Billund	15°
Ósló	12°
Stokkhólmur	13°
Gautaborg	17°
London	19°
París	19°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	21°
Berlín	17°
Alicante	24°
Mallorca	26°
Basel	22°
Eindhoven	18°
Las Palmas	24°
New York	24°
Orlando	30°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Buon appetito!

Ítalskir dagar

ÍTALSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ

45% afsláttur við kassa

Nýtt kortatímabil!

Kjúklingalundir
1.517 kr/kg
Merkt verð 2.759.-

599 kr/pk
Verð áður 799.-

Nautacarpaccio 340g

48% afsláttur

774 kr/kg
Verð áður 1.498.-

Nautahakk

Kjöt & Fisktorgið – Alltaf ferskt

2.198 kr/kg
Verð áður 2.349.-

Kindalundir

Kjöt & Fisktorgið – Alltaf ferskt

1.998 kr/kg
Verð áður 2.498.-

Kindafile

Tveir fyrir einn

Ítalía ólífuolía
- allt það besta, beint frá Ítalíu

30% afsláttur við kassa

Ítalía kryddmyllur
- allt það besta, beint frá Ítalíu

30% afsláttur við kassa

Ítalía ferskt pasta
- ekta ítalskt

239 kr/stk.
Verð áður 339.-

Ítalskur ís
- margar tegundir

20% afsláttur við kassa

Lavazza kaffi
– ítölsk gæði

999 kr/stk.
Verð áður 1.499.-

Matreiðslubækur Hagkaups
– ómissandi í eldhúsið

OPIÐ til 20 alla daga

Tilboðin gilda til 12. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Finnst þér sanngjarnt að kalla forsvarsmenn bankanna óreiðumenn?

Já	67,3%
Nei	32,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að milliríkjadeila sé skollin á milli Íslands og Bretlands?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Þrír lífeyrissjóðir tapa um fimmtíu milljörðum á hruni bankanna:

Lífeyrisgreiðslurnar skerðast

EFNAHAGSMÁL Þrír stærstu lífeyrissjóðir landsins tapa um 50 milljörðum króna á hruni íslensku bankanna. Þetta eru Lífeyrissjóður VR, Gildi og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, LSR. Ljóst er að lífeyrisgreiðslur skerðast á næsta ári, mismunandi mikið eftir lífeyrissjóðum. Iðgjöld hækka hugsanlega.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, LL, segir lífeyrissjóðina hafa orðið fyrir „bylmingshöggi“. Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, segir erfitt að gera sér grein fyrir áhrifum höggsins. „Við getum reiknað með að tapa rúmum 16 milljörðum, eða sex prósentum af eignum,“ segir Gunnar Páll og telur ljóst að færa þurfi niður réttindi á næsta ári. Hann vonast til að það verði innan við tíu prósent.

> Við getum reiknað með að tapa rúmum 16 milljörðum
>
> **GUNNAR PÁLL PÁLSSON**
> FORMAÐUR VR

Hrafn segir að enginn viti hvernig málin standa um áramótin. Skerðing eða breytingar á iðgjöldum komi ekki til álita fyrr en á fyrstu mánuðum næsta árs. „Mér er ekki fullljóst hve mikið sjóðirnir áttu í bönkunum. Innlend hlutabréf voru metin í lok júní upp á 170 milljarða. Hlutdeild lífeyrissjóðanna nemur um átta prósent af eignum. Við vitum ekki hve mikils virði þessi bréf eru,“ segir Hrafn og rifjar upp að lífeyrissjóðirnir hafi átt um 5,5 prósent í Glitni. Sú eign hafi rýrnað um 10 milljarða við yfirtökuna.

„Meiri líkur en minni eru til þess að það komi til skerðingar á næsta ári,“ segir Hrafn og telur útilokað að lífeyrissjóður verði gjaldþrota. - ghs

Framkvæmdastjóri ASÍ:

Snúum bökum saman með atvinnulífinu

EFNAHAGSMÁL Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar og atvinnulífsins hafa fundað á hverjum degi í margar vikur um ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar. Markmiðið er að halda gangverki atvinnulífsins smurðu, að sögn Gylfa Arnbjörnssonar, framkvæmdastjóra ASÍ.

Gylfi segir mikilvægt „við þessar skelfilegu aðstæður að það sé unnið saman að því að koma í veg fyrir að þessi gríðarlega kreppa og krísa á fjármálamarkaði breiðist um hagkerfið eins og eldur í sinu“. - ghs

Nóbelsverðlaun í bókmenntum:

Frakki hlýtur heiðurinn

VERÐLAUN Tilkynnt var í Stokkhólmi um hádegi í gær að Nóbelsverðlaun í bókmenntum í ár hlyti franska skáldið Jean-Marie Gustave Le Clézio. Clezio er fæddur 1940 og var alinn upp í Suður-Frakklandi, á Máritaníu og í Nígeríu. Hann er tvítyngdur og var menntaður í Bretlandi. Fyrstu skáldsögu sína sendi hann frá sér árið 1963, Prices-Verbal, sem var samin í anda nýrómansins franska.

Hann hefur síðan verið afkastamikill höfundur skáldsagna, ritgerða, barnabóka og ferðabóka. Hann hefur þýtt á frönsku helstu verk bókmennta indíána í Suður-Ameríku og býr í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum, á Máritaníu og í Nice í Frakklandi. Mörg verka hans hafa verið þýdd á ensku og Norðurlandamálunum. Verðlaunin verða afhent skáldinu í desember í Stokkhólmi eins og venjan er. - pbb

Nýr Landsbanki Íslands:

1.000 af 1.500 verða ráðnir

KJARAMÁL Fjármálaeftirlitið tilkynnti í gær stofnun nýs ríkisbanka á rústum Landsbanka Íslands. Heitir hann Nýi Landsbanki Íslands. Samkvæmt ákvörðun stjórnar FME munu um eitt þúsund starfsmenn vinna í Nýjum Landsbanka í framtíðinni af þeim tæplega 1.500 sem unnu þar fyrir.

Helga Jónsdóttir, formaður starfsmannafélags, segir mikla óvissu ríkja innan bankans um hverjir haldi vinnunni og hvort laun og réttindi haldist frá því sem var. „Viðskiptaráðherra sagði að allir myndu halda sínum launum nema þeir sem hafa svokölluð ofurlaun. En hann sleppti því að skilgreina hver þau væru.“ Helga telur að starfsmenn útibúanna séu einna öruggastir um að halda vinnunni en þeir eru um 700 talsins. - shá

Ekkert tryggir laun bankastarfsmanna

Ekkert tryggir að laun og önnur réttindi verði óbreytt hjá nýjum ríkisbönkum. Lög um réttarstöðu starfsfólks hafa þar verið numin úr gildi. Sérfræðingur í vinnurétti telur neyðarlög geta stangast á við skuldbindingar EES-samningsins.

KJARAMÁL Almennir starfsmenn bankanna sem ríkið hefur yfirtekið geta ekki verið vissir um að halda sömu launum og réttindum og áður, verði þeir endurráðnir hjá nýju fyrirtæki. Starfsmenn sem ekki verða endurráðnir geta vænst þess að uppsagnarfrestur þeirra verði virtur að vettugi. Ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum voru numin úr gildi þegar ríkisstjórnin setti neyðarlögin sem sérfræðingur í vinnurétti telur að geti stangast á við EES-samninginn.

Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF), segir það alls ekki víst að almennir starfsmenn bankanna haldi sínum fyrri launum og réttindum, eins og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur haldið fram. „Sett var inn í neyðarlögin að lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti séu ekki í gildi, en samkvæmt þeim heldur starfsmaður öllum sínum réttindum við breytingu eins og þessa.“

Eiríkur Elís Þorláksson, héraðsdómslögmaður hjá lögmannsstofunni LEX, segir þá starfsmenn sem fá vinnu hjá nýjum banka eiga að halda óskertum kjörum ef lögin eigi við. „Í hinum svokölluðu neyðarlögum sem sett voru fyrir fáeinum dögum er hins vegar tekið sérstaklega fram í 1. grein að þau geri það ekki.“

Eiríkur telur það álitamál hvort það standist að undanskilja lögin í þessu tilviki því þau voru sett til innleiðingar tilskipunar Evrópusambandsins sem Íslandi ber að fylgja samkvæmt skuldbindingum EES-samningsins. „Lögin hafa að geyma lágmarksréttindi sem ríki eiga að tryggja starfsmönnum við aðilaskipti að fyrirtækjum. Því kann að vera umdeilanlegt hvort hægt sé að ryðja lögunum út eins og gert var með neyðarlögunum.“

STARFSMENN LANDSBANKANS Nýr ríkisbanki hefur verið stofnaður á rústum gamla Landsbankans. Þeir 1.000 starfsmenn sem endurráðnir verða lifa í óvissu. 500 gætu misst vinnuna.

FRIÐBERT TRAUSTASON

EIRÍKUR ELÍS ÞORLÁKSSON

Eiríkur segir að réttarstaða starfsmanna sem missa vinnuna ráðist af því hvort eldri bankinn verður gjaldþrota eða ekki. „Ef bankinn verður ekki gjaldþrota þá á starfsmaður sem fær uppsagnarbréf tilkall til launa í uppsagnarfresti. Ef bankinn hins vegar verður úrskurðaður gjaldþrota, þá horfir málið líklega öðruvísi við. Launþeginn á að vísu kröfu í þrotabúið, en óvíst er að eitthvað fengist upp í þær.“ svavar@frettabladid.is

Alþjóðlegir fjárfestar kalla á staðfestingu á tryggingu innstæðna:

Útlendingar óttast um peninga hér

VIÐSKIPTI Alþjóðlegir fjárfestar, sem eiga tugi milljarða króna innstæður í íslenskum bönkum, eru uggandi yfir því hvort þær séu tryggðar. Þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi margítrekað að allar innstæður á íslenskum reikningum séu tryggðar virðist óvissa ríkja um hvort það gildi einnig um útlendinga sem eiga krónur á íslenskum bankareikningum.

Forsvarsmenn alþjóðlegs fjárfestingarfélags sem hefur nokkra milljarða króna á íslenskum bankareikningum segjast hafa fengið misvísandi svör varðandi hvort innstæður þeirra væru tryggðar. Þeir fullyrða að mikil óvissa ríki um málið og það sé ein af meginástæðunum fyrir þeim óróa sem verið hefur í viðskiptum með krónuna undanfarna daga.

Ólafur Arinbjörn Sigurðsson, lögmaður á lögfræðistofunni Logos, segir að undanfarna daga hafi fjöldi erlenda og innlendra aðila, einkum erlend fjármálafyrirtæki, leitað til Logos vegna þessa. Allir hafi áhyggjur af að ekki sé fullt jafnræði meðal innstæðueigenda hérlendis. „Ef sá skilningur er réttur að yfirlýsing stjórnvalda nái einnig til innstæðna erlendra aðila í íslenskum bönkum er mikilvægt að þeim skilningi verði þegar í stað komið á framfæri við erlendar fréttaveitur,“ segir hann. - hhs

ÓTTAST UM KRÓNURNAR Óvissa er um hvort peningar útlendinga á íslenskum bankareikningum séu tryggðir.

Ódýrari kostur!

30% afsláttur

BBQ KJÚKLINGALEGGIR
439 kr/kg
~~626~~ kr/kg

30% afsláttur

HAMBORGARAR 2x175g
398 kr/kg
~~568~~ kr/kg

30% afsláttur

KEA
LÉTTREYKT LAMBALÆRI
1.429 kr/kg
~~2.194~~ kr/kg

50% afsláttur

CAMPAGNA TÓMATAR 400g
28 kr/stk.
~~55~~ kr/stk.

KIMS OSTEPOPS
165g
199 kr/pk.

50% afsláttur

TILBOÐSÍS SÚKKULAÐI OG VANILLU
99 kr/stk.
~~198~~ kr/stk.

KIMS SALTHNETUR
125g
99 kr/pk.

25% afsláttur

SNICKERS, TWIX, BOUNTY OG MARS
5 í pakka
299 kr/pk.
~~399~~ kr/pk.

TILBOÐIN GILDA 9. - 12. OKTÓBER

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða stofnun hefur alþjóðlegu skammstöfunina IMF?*
2. *Hver er undirtitill væntanlegrar bókar um Ólaf Ragnar Grímsson?*
3. *Hvaða sparisjóður tekur nú við stöðugum straumi nýrra viðskiptavina í kreppunni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Rússneskir ráðamenn segja að Vesturlönd þurfi að halda ró sinni:

Engin hætta á köldu stríði

RÚSSLAND, AP Rússneskir ráðamenn, sem boðið hafa Íslandi aðstoð í fjármálakreppunni, segja nú tíma kominn til að lægja öldurnar í samskiptum við Vesturlönd. Engin hætta sé á köldu stríði og leiðtogar Vesturlanda þurfi að halda ró sinni.

Á miðvikudag hélt rússneska herliðið á brott frá flestum þeim svæðum í Georgíu, sem eru utan aðskilnaðarhéraðanna Abkasíu og Suður-Ossetíu, þótt áfram séu hermenn á nokkrum umdeildum svæðum.

Dmitrí Medvedev, forseti Rússlands, notaði þessi tímamót til að hvetja Vesturlönd til þess að hætta nú öllum illdeilum um Georgíu: „Ekkert hefur gerst sem ekki má laga. Engin hætta er á nýju köldu stríði.“

RÚSSAR Í GEORGÍU Rússneska herliðið hélt á brott frá Georgíu á miðvikudag, að undanskildum aðskilnaðarsvæðunum og nokkrum umdeildum svæðum öðrum. NORDICPHOTOS/AFP

Medvedev sagði hins vegar nauðsynlegt að Rússland geri nýjan varnarsamning við Evrópuríki til þess að vega á móti einhliða aðgerðum Bandaríkjanna.

Bæði Medvedev og forveri hans, Vladimír Pútín, sem nú er forsætisráðherra, hafa jafnframt ítrekað sakað Bandaríkin um að bera ábyrgð á fjármálakreppunni, sem nú sligar heiminn.

Pútín bætti því svo við í gær að kreppan hafi valdið óbætanlegum skaða á ímynd Bandaríkjanna sem leiðtoga hins frjálsa heims og sem leiðtoga frjálsra viðskipta í heiminum. „Nú verður ekki aftur snúið,“ sagði hann. - gb

Sekt og skaðabætur:

Missti sjón um skeið eftir högg

DÓMSMÁL Tæplega fertugur karlmaður hefur verið dæmdur til að greiða 70 þúsund krónur til ríkissjóðs og 184 þúsund til konu sem hann sló í andlitið í félagsheimilinu Valhöll á Eskifirði. Konan hlaut nokkra áverka og missti um tíma sjón á öðru auga.

Maðurinn neitaði sök frá upphafi. Hann kvaðst sjálfur hafa orðið fyrir árás nokkurra manna á umræddum stað og tíma. Hafi hönd hans lent á konunni þegar hann varði hendur sínar og það verið óviljaverk. Með hliðsjón af framburði vitna taldi dómurinn komna fram sönnun þess að maðurinn hefði slegið konuna. - jss

Frestun um óákveðinn tíma:

Bauhaus frestar opnun á Íslandi

EFNAHAGSMÁL Efnahagsþrengingar á Íslandi og óhagstætt gengi krónunnar hefur orðið til þess að opnun byggingarvöruverslunarinnar Bauhaus undir Úlfarsfelli í Reykjavík hefur verið frestað um óákveðinn tíma.

Halldór Óskar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Bauhaus á Íslandi, skýrði frá því í Fréttablaðinu í gær að kreppan myndi ekki hafa áhrif á fyrirhugaða opnun í desember. Hann segir að nú sé frestun óhjákvæmileg enda ekki hægt að panta inn vörur vegna gengisins. „Þetta gætu bara verið nokkrar vikur. Maður vonar það besta.“

Húsnæðið sem nú mun standa autt er 22 þúsund fermetrar. Þar er ætlunin að 150 manns starfi og yrði þetta stærsta byggingarvöruverslun á Norðurlöndum. - kdk

Íslensk kona í Kína:

Heyri ekki mikið krepputal

EFNAHAGSMÁL „Ég hef ekki orðið vör við að nokkuð hafi breyst hér. Ég hef að minnsta kosti ekki heyrt mikið krepputal frá Kínverjunum,“ segir Kristín Aranka Þorsteinsdóttir, starfsmaður íslenska sendiráðsins í Peking í Kína.

KRISTÍN ARANKA ÞORSTEINSDÓTTIR

Kristín segist fylgjast vel með kínverskum fréttum. „Maður heyrir fréttir af hrunum markaða víðs vegar um heiminn, og sérstaklega í Evrópu. Maður heyrir líka að markaðir í Kína hafi eitthvað lækkað eins og annars staðar í Asíu, en ástandið er greinilega ekki eins alvarlegt hér,“ segir Kristín. - kg

Hvetur til afsagnar stjórnar:

Segir sig úr Seðlabankaráði

STJÓRNMÁL Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, fulltrúi Samfylkingar í bankaráði Seðlabankans, sagði sig úr ráðinu í gærkvöldi. Hún bað jafnframt þjóðina afsökunar á því að hafa ekki fyrr axlað ábyrgð á hagstjórnarmistökum bankans.

SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

„Undanfarin ár, mánuði, vikur og daga hafa verið gerð alvarleg mistök í hagstjórn Íslands og stjórn fjármálakerfisins. Seðlabanki Íslands ber mikla ábyrgð á þeim mistökum,“ segir Sigríður í tilkynningu. „Ég hvet því bankastjóra Seðlabanka Íslands, Davíð Oddsson, Eirík Guðnason og Ingimund Friðriksson, til að axla sína ábyrgð á mistökunum og segja af sér nú þegar.“ - sh

BANDARÍKIN

Skuldaklukkan sprungin

Skuldir bandaríska ríkisins eru komnar yfir 10 þúsund milljarða dala, sem þýðir að ekki er pláss lengur fyrir nógu marga tölustafi á skuldaklukkunni svonefndu í New York til að sýna rétta skuldastöðu ríkisins. Skuldaklukkan var sett upp árið 1989 til að vekja athygli á óhóflegri skuldasöfnun ríkisins, sem þá nam „aðeins“ 2,7 þúsund milljörðum dala.

NOREGUR

Símtöl til spákonu

Norska þingkonan Saera Khan hefur viðurkennt að hafa oft notað farsíma, sem þingið greiðir kostnað af, til þess að leita ráða hjá spákonu. Símreikningurinn fyrir síðustu þrjá mánuði nam 48 þúsund norskum krónum. Khan er nú farin í leyfi og ætlar ekki að bjóða sig aftur fram til þings.

Samfylkingin vill að Davíð Oddsson víki

Samfylkingarmenn vilja skipta um bankastjóra í Seðlabankanum. Heimildir Fréttablaðsins herma að ólíklegt sé að það gerist á meðan mesta gjörningaveðrið gangi yfir en líklegt er að Davíð taki pokann sinn þegar hægist um.

EFNAHAGSMÁL Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, hefur krafist þess að skipt verði um bankastjóra í Seðlabankanum. Nú eru bankastjórarnir þrír; Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson.

Heimildir Fréttablaðsins herma að málið hafi verið rætt á þingflokksfundi Samfylkingarinnar á miðvikudag og Ágúst Ólafur sé að tjá þá skoðun sem fram kom á þeim fundi. Hins vegar verður bankastjóraskipta ekki krafist á meðan mesta gjörningaveðrið gengur yfir. Ekki sé talið skynsamlegt að rugga bátnum frekar en orðið er.

Þeir þingmenn sem vildu tjá sig um málið voru allir orðvarir. Helgi Hjörvar vísaði í þá stefnu Samfylkingarinnar að yfir Seðlabankanum ætti að vera einn faglegur bankastjóri. „Það hefur lengi verið stefna okkar. Þetta eru hins vegar ekki þeir sólarhringar sem við eigum að verja til að auka upplausn. Nú bíðum við þess að Davíð Oddsson þiggi lán af Rússum og þegar við höfum unnið okkur út úr vanda dagsins er tímabært að ræða endurskipulagningu Seðlabankans,“ segir Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar.

„Ég hef enga skoðun á þessu og held að betra sé að leita að lausnum en sökudólgum. Þessir menn voru ráðnir í embættið og eru þar þangað til annað er ákveðið,“ segir Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Spurður hvort hann treysti bankastjórunum til að leysa efnahagsvanda þjóðarinnar segir hann: „Ég hef ekki skoðun á því á þessu augnabliki.“

DAVÍÐ ODDSSON Varaformaður Samfylkingarinnar fer fram á að skipt verði um bankastjóra í Seðlabankanum. Líklega verður það gert þegar hægist um í efnahagsmálunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

PÉTUR BLÖNDAL

Kristján Þór Júlíusson, Sjálfstæðisflokknum, segir umræðuna ekki tímabæra og það væri ábyrgðarlaust í núverandi stöðu að skipta um stjórnendur. „Ég treysti þeim á meðan mér eru ekki boðnir aðrir betri kostir.“

Ellert B. Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, er hins vegar ekki í neinum vafa um að skipta eigi um bankastjóra. „Það þarf að gjörbreyta peningastefnu bankans og það verður ekki gert nema að skipta um menn í brúnni. Ummæli Davíðs í Kastljósinu höfðu gríðarleg áhrif og ég á erfitt með að sjá að hann geti setið eftir þau.“

Karl V. Matthíasson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að þegar um hægist eigi að fara yfir allt sviðið. „Komi í ljós að bankinn hafi gert alvarleg mistök hljóta menn að skoða hvort þar þarf að stokka upp.“

kolbeinn@frettabladid.is

HLUTHAFAFUNDUR GLITNIS BANKA HF. AFBOÐAÐUR

Með vísan til breyttra aðstæðna Glitnis banka hf. er áður boðaður hluthafafundur félagsins, sem halda átti laugardaginn 11. október nk., afboðaður.

Glitnir banki hf.

GLITNIR

Fulltrúar SA og ASÍ vilja aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins:

Aðkoma gjaldeyrissjóðs góð

EFNAHAGSMÁL Vilhjálmur Egilsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, segist ekki velta því fyrir sér hvort eigi að skipta um Seðlabankastjóra. Hann gagnrýnir hins vegar peningastefnu bankans og telur aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins óhjákvæmilega.

„Mér sýnist ekki vera neitt annað í stöðunni en að sjóðurinn komi að málum og við í Samtökum atvinnulífsins myndum ekki setja okkur á móti því. Ég tel bráðnauðsynlegt að lækka stýrivexti, það hefði átt að vera búið að því. Ég hef verið ósammála bankastjórum Seðlabankans hvað það varðar en ætla ekki að taka þátt í neinum nornaveiðum,“ segir Vilhjálmur.

VILHJÁLMUR EGILSSON

GRÉTAR ÞORSTEINSSON

Grétar Þorsteinsson, formaður Alþýðusambands Íslands, segir stjórnvöld, og þar með Seðlabankann, ekki ráða við stöðuna. Því sé rétt að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

„Menn ráða ekkert við atburðarásina hér og nýjar fregnir bíða manns á hverjum morgni. Ég held að aðkoma sjóðsins væri af hinu góða og myndi veita okkur ráðgjöf og þann aðgang að fjármunum sem við þurfum á að halda,“ segir Grétar.

> Menn ráða ekkert við atburðarásina hér og nýjar fregnir bíða manns á hverjum morgni.
>
> **GRÉTAR ÞORSTEINSSON**
> FORSETI ASÍ

Hann segir mjög mikilvægt að lækka stýrivexti og kallar eftir því að ríkisstjórnin taki ákvarðanir þar um. - kóp

VERÐ 65.900
39.900
ÚTSÖLUVERÐ

ROMAN-V021
Edesa uppþvottavél
Hvít

VERÐ 69.900
49.900
ÚTSÖLUVERÐ

1LE031SX
Edesa uppþvottavél
Stállituð

VERÐ 59.900
49.900
ÚTSÖLUVERÐ

L-1026
Edesa þvottavél
1000 snúninga 6kg

VERÐ 129.900
39.900
ÚTSÖLUVERÐ

YA6640SFEMWTC
Terim gaseldavél
60 cm, stállituð

ALLT Á AÐ SELJAST

Þetta er aðeins sýnishorn af því sem er í boði

Rubik Isola
Eyjuháf
60 cm
1000m/3

VERÐ 89.900
45.900
ÚTSÖLUVERÐ

Rubik Isola
Airone
vegghúfur
1000m3/klst. 90 cm

VERÐ 84.900
36.900
ÚTSÖLUVERÐ

1CT130X
Edesa
gufugleypi
60 cm, útdraganlegur

VERÐ 22.900
6.900
ÚTSÖLUVERÐ

Miro 90
Airone
vegghúfur
1000m3/klst. 90 cm

VERÐ 79.900
39.900
ÚTSÖLUVERÐ

VERÐ 24.900
9.990
ÚTSÖLUVERÐ

DPXI720
DVD
ferðaspilari

VERÐ 29.900
19.900
ÚTSÖLUVERÐ

HT302SD
LG heimabíó

Picasso
stafrænn
myndarammi

VERÐ 24.900
9.900
ÚTSÖLUVERÐ

VERÐ 29.900
12.900
ÚTSÖLUVERÐ

Aego M
Hvítir tölvu og iPod hátalarar

75%
AFSLÁTTUR

Bíltæki og hátalarar
með 75% afslætti

VERÐ 279.900
189.900
ÚTSÖLUVERÐ

FRNU20DFBI
Daewoo tvöfaldan ísskáp

70%
AFSLÁTTUR
SNÚRUR OG TENGI

15.900
ÚTSÖLUVERÐ

Öll gashelluborð

50%
AFSLÁTTUR

Allir pottar
50% afsláttur

VERÐ 29.990
12.900
ÚTSÖLUVERÐ

KSW346
Vínkælir

FULLT AF VÖRUM Á 500 kr

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is **www.ri.is**

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG
Lífið er gott

Tilboð gilda meðan birgðir endast.

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
3.005 **0,00%**

Fjöldi viðskipta: 0
Velta: 0 milljónir

MESTA HÆKKUN ↑

MESTA LÆKKUN ↓

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: 200,48 +14,75%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 5,45 +0,00% ... Atorka 3,35 +0,00% ... Bakkavör 9,79 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,50 +0,00% ... Exista 4,62 +0,00% ... Glitnir 3,91 +0,00% ... Icelandair Group 15,50 +0,00% ... Kaupþing 654,00 +0,00% ... Landsbankinn 19,10 +0,00% ... Marel Food Systems 71,70 +0,00% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 82,80 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Engin áhrif á Eimskip

„Enn sem komið er hafa atburðir síðustu daga ekki truflað starfsemi okkar," segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips um þrot bankanna.

„Það hefur ekki verið nein sérstök pressa að utan og það lítur allt vel út með söluna á Versagold Atlas og ég get ekki séð að atburðir síðustu daga hafi haft nein áhrif á hana," segir Gylfi.

Eimskip byrjað í maí að skera niður starfsemi sem ekki tengdist kjarnastarfsemi hér og segir Gylfi félagið njóta góðs af því. „Helsta málið er þetta víkjandi lán sem þeir Björgólfsfeðgar gengust í ábyrgð á fyrir okkur, en við höfum sest niður með hinum Nýja Landsbanka, til að fara yfir stöðuna og ég hef enga ástæðu til að halda að nýi bankinn taki illa í að framlengja lánið," segir hann. **- msh**

Góð sambönd haldi sér

„Ætlum við að skilja eftir þá arfleifð að Íslendingar hlaupi frá skuldbindingum sínum erlendis?" spyr Agnar Hansson, forstjóri Icebank.

Hann segir ekki mega höggva á góð sambönd við útlönd, líkt og raunin virðist vera í tengslum við starfsemi Kaupþings og Landsbankans í Bretlandi eftir að ríkið tók þá yfir. Slík mistök geti komið niður á greiðslumiðlun við útlönd í framtíðinni.

Agnar segir Icebank hafa átt í góðum viðskiptum við útlönd fyrir sparisjóðina í aldarfjórðung. Nú virðist sem bankinn sé að verða sá eini sem geti státað af því að standa við allar sínar skuldbindingar við erlenda aðila, að hans sögn. **- jab**

Ríkið hefur tekið við stjórn allra bankanna

Áhlaup var gert á reikninga Kaupþings í Bretlandi. Fjármálaeftirlitið tók Kaupþing yfir í fyrrinótt. Yfirlýsingar Darlings síðasti naglinn í kistuna. Erlendir fjárfestar reyndu að losa sig við íslenskar eignir. Samruni SPRON og Kaupþings varð ekki. Ríkið hefur tekið við stjórn allra stóru viðskiptabankanna þriggja.

Á ÚTLEIÐ Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri og Sigurður Einarsson stjórnarformaður ganga út úr húsakynnum Fjármálaeftirlitsins í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjórnendur Kaupþings óskuðu eftir því seint í fyrrakvöld að Fjármálaeftirlitið tæki við stjórn bankans. Skilanefnd hefur verið sett yfir hann og tekur hún yfir vald hluthafafundar. Stjórn Kaupþings hefur sagt af sér.

Þetta er gert í þeim tilgangi að tryggja „fullnægjandi innanlandsstarfsemi bankans og stöðugleika íslenska fjármálakerfisins," segir í tilkynningu Fjármálaeftirlitsins.

Þetta gerðist um hálftvöleytið í fyrrinótt. Þá höfðu Sigurður Einarsson stjórnarformaður og Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri setið fundi í höfuðstöðvum Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur því nú tekið við stjórn stóru viðskiptabankanna þriggja, Glitnis, Landsbankans og Kaupþings.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, segir að bankinn hafi búið sig vel undir niðursveiflu á verðbréfamörkuðum og við hafi blasað að gengi krónunnar hefði verið of hátt skráð. Lausafjárstaða Kaupþings hefði verið góð í lok september og áform hefðu verið uppi um að kaupa upp skuldabréf sem bankinn hefði gefið út. Þá hefði bankinn „varið eigið fé með því að færa það í erlenda mynt," auk þess að draga úr vexti lána hérlendis. Lausafjárstaða Kaupthing Singer & Friedlander hefði einnig verið góð, „líkast til best meðal allra banka í Bretlandi," segir Sigurður í yfirlýsingu.

Eftir að Glitnir lenti í erfiðleikum og ríkið tilkynnti að þrír fjórðu í bankanum yrðu keyptir hófst atburðarás „sem enginn sá fyrir eða gat haft stjórn á," segir Sigurður.

Eftir að Icesave-reikningar Landsbankans lokuðust hefði fólk farið að taka peninga út af Edge-reikningum Kaupþings, enda þótt þeir lytu öðrum lögmálum.

Í kjölfar yfirlýsingar Alistairs Darling, fjármálaráðherra Breta, um að Íslendingar hygðust ekki standa við erlendar skuldbindingar sínar hafi Singer & Friedlander verið settur í greiðslustöðvun. „[V]ísuðu lánardrottnar þá til þess að greiðslustöðvun dótturfélags væri vanefnd ... og því ígildi greiðslufalls. Skipti þá engu að lausafé móðurfélagsins væri nægjanlegt og staða þess góð."

Óvíst er hverjir eigi að stýra bankanum.

SPRON er ekki hluti af þessari yfirtöku, þar sem samruninn við Kaupþing var ekki genginn í gegn í fyrrinótt. Það eina sem vantaði til að ljúka samrunanum var samþykki Fjármálaeftirlitsins.

ingimar@markadurinn.is



HEIMSKORTIÐ Viðskiptabankarnir sem ríkið hefur nú yfirtekið teygðu anga sína um heim allan. Í hönd fer sársaukafullur niðurskurður og ljóst að fjöldi fólks missir vinnuna. Þá stórskerða minni umsvif bankanna skatttekjur ríkisins.

Óvissa um framhaldið utan landsteinanna

Óljóst er hvað verður um erlendar eignir íslensku bankanna, nú þegar skilanefndir hafa tekið yfir ábyrgðir stjórna allra viðskiptabankanna þriggja. Hlutverk þeirra verður fyrst og fremst að tryggja innanlandsstarfsemi og fjármálastöðugleika hér á landi. Nýtt viðskiptamódel þeirra allra verður því að öllum líkindum töluvert einfaldara en áður og líklega ekki rúm fyrir erlenda starfsemi innan þess.

Íslensku viðskiptabankarnir hafa haft umfangsmikla starfsemi víða um heim. Eins og hefur komið fram margoft námu eignir viðskiptabankanna þriggja um tífaldri landsframleiðslu Íslands. Hjá þeim störfuðu samtals rúmlega fjögur þúsund manns á erlendri grundu. Nú eru erlendar eignir bankanna líklega allar komnar í söluferli og einhverjum þeirra hefur þegar verið lokað. Í samtölum við starfsmenn viðskiptabankanna þriggja í gær kom þó fram að hjá þeim öllum er nokkur starfsemi enn í gangi utan landsteinanna.

Fall bankanna kemur hins vegar augljóslega til að skerða verulega skatttekjur ríkisins. Í fyrra greiddu viðskiptabankarnir þrír samtals um tuttugu milljarða króna í skatt. Sú upphæð myndi duga fyrir um það bil helmingnum af kostnaði við rekstur Landspítalans á næsta ári. Ríkið verður einnig af umtalsverðum skatttekjum af arðgreiðslum hluthafa bankanna, þar sem hlutur þeirra er að engu orðinn.

- hhs

Frekari hjálp fylgdi IMF

Embættismenn Seðlabankans fullyrða að íslenska ríkið fengi fyrirgreiðslu hjá evrópska seðlabankanum, fengist aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF).

Háttsettir embættismenn í Seðlabankanum fullyrða að evrópski seðlabankinn veitti fyrirgreiðslu, yrði sótt um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Geir H. Haarde forsætisráðherra útilokar ekki að slíkt verði gert.

Sérfræðinefnd frá sjóðnum er stödd hér á landi og veitir stjórnvöldum ráðgjöf. Málið er ekki komið lengra. Embættismennirnir undrast það, enda sé stundin runnin upp. Aðrir sérfræðingar sem Fréttablaðið hefur rætt við segja að aðstoðin myndi líklega leiða til þess að evrópski seðlabankinn yrði tilbúinn til þess að gera gjaldeyrisskiptasaming við íslenska ríkið.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur nú sett í gang neyðaráætlun. Hún gerir að verkum að sjóðurinn myndi lána íslenska ríkinu meira en ella, herma heimildir Fréttblaðsins. Þá segir í frétt frá sjóðnum að skemmri tíma en áður tæki að afgreiða lán til lands í neyð. Sérfræðingar segja að því fylgdu þó hugsanlega skilyrði. Þau gætu verið vel viðráðanleg, jafnvel af hinu góða, enda þurfi að byggja fjármálakerfið hér upp að nýju.

Sendinefnd fer héðan til Rússlands á þriðjudag, til að semja um 4.000 milljóna evra lán. Stjórnvöld hafa sagt að það útiloki ekki aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Fullyrt er við Fréttablaðið að rússneska lánið dugi ekki eitt og sér úr því sem komið er. Auk þess þurfi hér ríka tæknilega aðstoð.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra fer fyrir sendinefnd Íslands á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans, sem hefst í Washington um helgina. Embættismenn úr fjármálaráðuneytinu, utanríkis- og forsætisráðuneytinu fylgja Árna. Hermt er að allra leiða verði leitað til aðstoðar Íslandi, en enginn vill slá því föstu að óskað verði aðstoðar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Seðlabankinn hefur gert gjaldmiðlaskiptasamninga við danska, norska og sænska seðlabankann, um 500 milljóna evra gjaldeyrisskipti við hvern banka um sig.

Geir H. Haarde forsætisráðherra staðfesti á blaðamannafundi í gær að ekki hefði verið dregið á samningana. Það yrði ekki gert nema í ítrustu neyð. Sérfræðingar sem Fréttablaðið hafa rætt við fullyrða hins vegar að sú stund sé runnin upp, og raunar sé nokkuð síðan.

Fram kemur í tilkynningu frá Seðlabankanum að frá í mars hafi verið leitað fyrirgreiðslu annarra seðlabanka. Það hafi ekki gengið. Þar af hafi bandaríski seðlabankinn tvisvar neitað Íslendingum um gjaldeyrisskiptasamning á undanförnum vikum. Niðurstaða æðstu manna í bandaríska seðlabankanum hafi verið sú að fjármálakerfið hér væri svo stórt í hlutfalli við þjóðarbúið að „skiptasamningur yrði að vera stærri en svo að bandaríski seðlabankinn sæi sér fært að standa að gerð hans“.

ingimar@markadurinn.is

Nýr Glitnir og nýr Landsbanki

Fjármálaráðuneytið hefur stofnað nýjar kennitölur fyrir bæði Landsbankann og Glitni. Hvor um sig heitir sama nafni, að öðru leyti en því að „Nýi“ er skeytt framan við heitið. Hvor um sig hefur lögheimili í fjármálaráðuneytinu.

ELÍN SIGFÚSDÓTTIR

Nýi Landsbanki hf. sem er að fullu í eigu íslenska ríkisins, tók til starfa í gær. „Með ákvörðuninni er tryggð áframhaldandi bankastarfsemi fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Jafnframt er haft að leiðarljósi að kröfuhafar Landsbanka Íslands hf. fái greitt upp í kröfur sínar,“ segir í tilkynningu frá Fjármálaeftirlitinu.

Þar segir jafnframt að um mánuð taki að gera upp Landsbankann hf., samfara því að meta verðgildi eigna og skulda.

Elín Sigfúsdóttir, sem áður stýrði fyrirtækjasviði Landsbankans, verður forstjóri hins nýja banka.

Í gærkvöldi var áætlað að starfsmenn hins nýja banka yrðu um 1.000 til 1.100, en hinum verður sagt upp, þrátt fyrir yfirlýsingu viðskiptaráðherra á fundi með starfsmönnum bankans í fyrradag.

Óvíst var í gærkvöld hvenær Nýi Glitnir tæki til starfa, en sumir töldu að það yrði í dag.

- ikh

Endurheimta þarf traust

ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON

„Það er ljóst að hlutabréfamarkaðurinn hefur beðið mikinn hnekki í augum fólks og það þarf að endurvinna traust almennings á honum enda er traust mikilvægasti hornsteinn allra markaða," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Kauphöllin mun starfa áfram þótt brotthvarf bankanna og sviptingar síðustu daga leiði óhjákvæmilega til þess að hlutabréfamarkaðurinn skreppi mikið saman. „Skuldabréfamarkaðurinn hefur verið mjög öflugur á þessu ári og síðustu daga, og engin ástæða til að ætla að þar verði breytingar til lækkunar á veltuumsvifum á honum. Hlutabréfamarkaðurinn mun hins vegar skreppa saman úr um 1.600 milljörðum í 250-300 milljarða við brotthvarf fjármálageirans úr Kauphöllin," segir Þórður.

„Þetta er lítill stofn, en góður, og á honum munum við nú byggja upp starfsemi Kauphallarinnar." Þórður segir að tekjur kauphallarinnar eiga eftir að minnka en verið sé að fara yfir stöðuna svo hægt sé að sjá hvernig best sé að byrja á uppbyggingarstarfinu. „Eins og staðan er núna get ég ekki sagt til um hversu langan tíma það tekur að byggja markaðinn upp að nýju. Í því sambandi skiptir miklu máli hvernig hagkerfið og efnahagslífið þróast," segir Þórður. - msh

Vill strangar reglur

DORIS LEUTHARD

Ríkisstjórn Sviss ætlar að þrýsta á um hertari reglur um starfsemi fjármálafyrirtækja á fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans sem hefst um helgina segir Doris Leuthard, efnahagsráðherra Sviss.

Leuthard sagði í útvarpsviðtali í vikunni að stjórnvöld í Sviss ætli að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hindra að annar tveggja risabanka landsins fari í þrot. Slíkt verði mögulega gert með inngripi af einhverju tagi.

Stærstu bankarnir eru alþjóðarisarnir UBS og Credit Suisse, sem um árin hafa verið stoðir fjármálalífsins í Sviss.

Fyrrnefndi bankinn hefur neyðst til að afskrifa 45 milljarða franka, jafnvirði 4.400 milljarða íslenskra króna, af undirmálslánum.

Ráðherrann sagði að varlega yrði að feta brautina í því fjármálalega umróti sem nú ríkti á mörkuðum og gæti taugaveiklun valdið miklum skaða. „Ekkert okkar vill að bankarnir fari í þrot," sagði Leuthard. - jab

Tapar 200 milljörðum

ROBERT TCHENGUIZ

Ætla má að tap breska athafnamannsins Roberts Tchenguiz vegna falls Kaupþings nemi einum milljarði punda, jafnvirði 190 milljarða íslenskra króna.

Tchenguiz er jafnframt stjórnarmaður í Existu.

Tchenguiz átti tíu prósenta hlut í breska stórmarkaðnum Sainsburys, fjórðungshlut í kráarkeðjunni Mitchell & Butlers og 22 prósenta hlut í leikjafyrirtækinu SCi Entertainment. Singer & Friedlander, banki Kaupþings í Bretlandi, hafði lánað fjárfestinum fyrir kaupunum.

Við þrot Kaupþings voru hlutir hans seldir á brunaútsölu í stórum skömmtum. Þar af seldi hann hlut sinn í Sainsbury á rúmlega helmingi lægra verði en hann keypti þá á í fyrra.

Bresk dagblöð segja að þótt verulega hafi hrikt í stoðum fjárfestisins þá sé hann enn skráður fyrir fjölda fasteigna og hlutum í öðrum fyrirtækjum. - jab

Fimm hundruð milljarðar horfnir

Þrjátíu þúsund hluthafar Kaupþings sitja eftir með verðlaus bréf eftir þrot bankans. Lífeyrissjóðir tapa tugum milljarða króna.

Þegar Kaupþing fór í þrot og skilanefnd Fjármálaeftirlitsins tók við stjórn bankans í gærmorgun var endi bundinn á langstærsta hlutafélag Íslandssögunnar sem skráð hefur verið á markað.

Markaðsverðmæti bankans föstudaginn 3. október síðastliðinn áður en viðskipti voru stöðvuð, nam 484,2 milljörðum króna. Þeir peningar eru nú gufaðir upp úr vösum rúmlega þrjátíu þúsund hluthafa bankans. Þar af eru 25 þúsund innlendir en rúmlega fimm þúsund utan landsteinanna.

Af tíu stærstu hluthöfum Kaupþings voru sjö félög sem snerta almenning með beinum hætti og þrjú fjárfestingarfélög í nafni einstaklinga.

Exista, kjölfestufjárfestir bankans, var skráður fyrir 24,7 prósenta hlut í bankanum og nam markaðsverðmæti hans 135,4 milljörðum króna á föstudag í síðustu viku áður en Kauphöllin saltaði viðskipti með hlutabréf bankans vegna aðstæðna. Að því er fram kom á vefsíðu Existu í gær voru hluthafar félagsins þrjátíu þúsund. Sá hlutur varð að engu í gær eftir að bankinn fór í þrot og FME tók við stjórnartaumum.

Hinir þrír eru safnreikningar og verðbréfasjóðir á vegum Kaupþings og þrír lífeyrissjóðir. Markaðsverðmæti safnreikninga og sjóða nam 82 milljörðum króna. Þar á meðal er Gift fjárfestingarfélag en eign félagsins í Kaupþingi er nú horfin. Þá horfa lífeyrissjóðirnir þrír sem eftir standa upp á 51,7 milljarða gufa upp.

Aðrir af stærstu hluthöfum Kaupþings sem standa uppi með verðlaus hlutabréf eru Egla Invest B.V., eignarhaldsfélag Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa og Alfesca, sem skráð er í Hollandi. Þá var félagið Holt Investment Group skrifað á Skúla Þorvaldsson, afabarn Þorvalds í Síld og fiski.

Nýjasti hluthafi Kaupþings og einn af stærstu eigendum bankans þar til í gær var svo Sjeik Mohammed Bin Khalifa Al-Thani, bróðir emírsins af Katar. Hann flaggaði fimm prósenta hlut í Kaupþingi fyrir tæpum þremur vikum og greiddi fyrir hann 25 milljarða króna. Hluturinn er nú að engu orðinn. - jab

BREYTINGAR Á TÍU STÆRSTU HLUTHÖFUM KAUPÞINGS

Félag	Hlutfall	Markaðsvirði*	Nú
Exista B.V.	24,71%	135,5 ma. kr.	0
Arion Safnreikningur	10,63%	58,3 ma. kr.	0
Egla Invest B.V.	9,.88%	54,1 ma. kr.	0
Q Iceland Finance ehf	5,01%	27,5 ma. kr.	0
Lífeyrissjóður Bankastræti	3,33%	18,2 ma. kr.	0
Lífeyrissjóður verslunarmanna	3,20%	17,6 ma. kr.	0
Holt Investment Group Ltd.	2,97%	16,3 ma. kr.	0
Gildi lífeyrissjóður	2,90%	15,9 ma. kr.	0
Gift fjárfestarfélag ehf	2,58%	14,1 ma. kr.	0
Kaupthing Bank Luxembourg SA	1,72%	9,4 ma. kr.	0

* Við lokun markaða föstudaginn 3. október 2008

EXISTA Lýður Guðmundsson

EGLA INVEST Ólafur Ólafsson

Q INVEST ICELAND Al-Thani

KAUPÞING Sigurður Einarsson

Neyðaráætlun komin í gang

DOMINIQUE STRAUSS-KAHN

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sett af stað neyðaráætlun sem gerir sjóðnum kleift að hjálpa þeim löndum sem hafa orðið illa úti í lausafjárkreppunni, að sögn Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóra sjóðsins. „Við erum reiðubúin til að hjálpa öllum þeim löndum sem eru í neyð," sagði hann á blaðamannafundi í gær.

Neyðaráætlunin, sem felur í sér lánveitingar til nauðstaddra landa, var sett á laggirnar þegar efnahagslægð reið yfir Asíu árið 1995. Í kjölfarið núllstilltu Japanir stýrivexti sína til að koma efnahagslífinu aftur á réttan kjöl. Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru staddir hér á landi nú um stundir og skoða aðstæður. Reuters-fréttastofan sagði í gær verstu efnahagslægð ganga yfir landið síðan í Kreppunni miklu á þriðja áratug síðustu aldar og geti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslífið til langframa.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn funda í Washington um helgina en helsta umræðuefnið verða aðstæður þeirra landa sem hafa orðið illa úti í lausafjárþurrðinni. - jab

Brjálaður vísindamaður + klárir krakkar
+ heimsins kröftugasta prumpuduft
= Frábær skemmtun!

„Ótrúlega skemmtileg bók … minnir á þessar frábæru ævintýrasögur sem maður las í gamla daga."
Aftenposten

SÖLUHÆSTA BYRJENDAVERK BARNABÓKAHÖFUNDAR Í NOREGI
Yfir 35.000 eintök seld

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

VIÐ STJÓRNARRÁÐIÐ Forsvarsmenn stærsta banka landsins, Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson hjá Kaupþingi, svara spurningum fréttamanna við Stjórnarráðið fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Einkunnirnar hrapa

Alþjóðleg matsfyrirtæki hafa í vikunni ítrekað lækkað lánshæfiseinkunnir bæði ríkissjóðs og bankanna. Fyrst eftir að tilkynnt var um aðkomu ríkisins að Glitni síðasta mánudagsmorgun og svo eftir aðgerðir í kjölfar nýrra laga sem heimiluðu inngrip Fjármálaeftirlits í rekstur fjármálafyrirtækja.

Í gær færði japanska matsfyrirtækið R&I Rating lánshæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir erlendar skuldbindingar í BBB- úr A+, með möguleika á frekari lækkun. Ákvörðunin kom í kjölfar þess að ríkið hefur tekið yfir Kaupþing, Landsbankann og Glitni.

Deginum áður lækkuðu einkunnir ríkisins og Íbúðalánasjóðs hjá bæði Fitch og Moody's. Bæði fyrirtækin hafa einkunnirnar áfram í skoðun með mögulega lækkun í huga.

Einkunnir Glitnis og Landsbankans náðu einnig nýjum lægðum í gær þegar Fitch setti bankana í flokk gjaldþrota fyrirtækja, með einkunnina D, en hún var áður B hjá báðum. Kaupþing var jafnframt á aðfaranótt fimmtudags lækkað í einkunnina CCC hjá Fitch.

Sambærileg lækkun hefur einnig átt sér stað af hálfu Standard & Poor's og Moody's.

Þá lækkaði Fitch á þriðjudag lánshæfiseinkunnir Straums-Burðaráss eftir kaup Straums á erlendri fjárfestingarbankastarfsemi Landsbankans.

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.

Fyrst og fremst í heilsudýnum

Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu á góðu verði

Scape Wallhugger - Eitt með öllu

- þráðlaus fjarstýring
- sér stilling fyrir höfuðlag
- nudd
- sleði sem leggst upp að vegg
- afar hljóðlátt og þægilegt í notkun

Scape	Verð
120x200	309.900
160x200	479.900
180x200	499.900
KING SIZE	519.900

IQ-CARE ein allra besta heilsudýna í heimi.

Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkkur, enda á góðu verði

Proflex	Verð
160x200	279.900
180x200	299.900

6 mánaða
vaxtalausar greiðslur

Stærstu kírópraktorasamtök heims mæla með
Chiropractic®
Amerísku heilsudýnurnar



Ný sending af vinsælu sængurverasettunum.
Ný teppasett.

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI

AKUREYRI

Svefn & heilsa
★★★★★

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

40% AFSLÁTTUR

1679 KR./KG.

MERKT VERÐ 2799 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAKJUÐAR
299 kr./kg. MERKT VERÐ 498 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

299

KF SVEITABJÚGU AÐEINS
299 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.

798

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
798 kr./kg.

30% AFSLÁTTUR

KF UNGNAUTAGÚLLAS
1399 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./

ÍSLENSK FRAMLEIÐ

298

OMEGA EGG **12 stk. 298 kr.**

129

MYLLU HEIMILISBRAUÐ **770 gr 129 kr.**

259

BÓNUS FERSK PÍTUBRAUÐ STÓR
4 stk. 259 kr.

798

BÚHNYKKUR FROSNIR ÝSUBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR
798 kr./kg.

30% AFSLÁTTUR

KF LAMBASALTKJÖT BLANDAÐ
349 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR

40% AFSLÁTTUR

LIFRARPYLSA **399 kr./kg.** MERKT VERÐ 665 KR./KG.

BLÓÐMÖR **359 kr./kg.** MERKT VERÐ 598 KR./KG.

399

K.F. LAMBAHJÖRTU Í RASPI

AÐEINS **399 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.

40%

AFSLÁTTUR

FERSKT GRÍSAHAKK

530 kr./kg.

MERKT VERÐ 884 KR./KG.

40%

AFSLÁTTUR

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

1070 kr./kg.

MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

40%

AFSLÁTTUR

FERSKT GRÍSASNITSEL OG GRÍSAGÚLLAS

1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

ÓSLA Á GÓÐU VERÐI

479

KS FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT **1.FLOKKUR**

479 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

499

ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR **499 kr./kg.**

EMMESS SKAFÍS

398 KR.

2 LTR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrst þarf að endurreisa traustið

Nóg komið

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Fall Kaupþings kom ráðherra bankamála á óvart. Það bendir til að sá örlagaatburður hafi orðið fyrir mistök eða misskilning. Þrátt fyrir augljósa og þekkta veikleika í bankakerfinu hefur orðið meiri eignabruni í landinu en ætla má að óumflýjanlegur hafi verið. Hann snertir tugi þúsunda einstaklinga. Þá snjóskriðu verður að stöðva. Það er nóg komið.

Stefna stjórnvalda er augljóslega sú að koma ríkisbönkunum nýju í virka viðskiptastarfsemi á ný. Fái atvinnufyrirtækin ekki án frekari tafar nauðsynlega fyrirgreiðslu heldur skriðan áfram. Sá frestur sem menn hafa til þess að hleypa nægu súrefni út í atvinnulífið aftur hleypur ekki á dögum heldur klukkustundum. Á þá köldu staðreynd verður ekki lögð nægjanlega þung áhersla.

Annað höfuðverkefni stjórnvalda er að endurvekja traust. Því er Seðlabanki Íslands rúinn bæði heima og erlendis. Vandséð er hvernig endurreisnarstarfið getur hafist ef það traust verður ekki endurvakið.

Stærstu mistök Seðlabankans liggja í framkvæmd peningastefnunnar. Jón Daníelsson, hagfræðingur við kunnan breskan háskóla, hefur lýst með skýrum hætti hvernig bankastjórn Seðlabankans dældi inn í landið erlendu lánsfé með hávaxtastefnunni og kynti þannig undir útlánaþenslu, eyðslu og verðbólgu.

Nokkuð er nú um liðið síðan Einar Oddur Kristjánsson sagði fyrir um afleiðingar þessarar stefnu með skýru íslensku tungutaki. Vilhjálmur Egilsson, einn helsti efnahagssérfræðingur Sjálfstæðisflokksins og atvinnulífsins undanfarna tvo áratugi, hefur með glöggum rökum vakið athygli á þessari brotalöm peningastefnunnar.

Til viðbótar gagnrýni á stefnu Seðlabankans hafa bæst efasemdir sérfræðinga á fjármálamörkuðum hér heima og erlendis vegna einstakra athafna og orða bankastjóranna þriggja síðustu vikur. Þær hafa bent til ónógrar yfirsýnar um heildaráhrif þess, sem ráðlagt hefur verið og sagt hefur verið, á fjármálalífið í heild.

Bankastjórar Seðlabankans hafa harðlega gagnrýnt fyrrum stjórnendur viðskiptabankanna, sem nú hafa verið settir af, og hluthafana, sem nú hafa misst þær eignir. Að stóryrðum frátöldum er margt í þeim málflutningi reist á gildum rökum. Það upphefur hins vegar ekki vantraustið á Seðlabankanum sjálfum.

Bankastjórn Seðlabankans hefur enn ekki gert grein fyrir því hvernig hún ætlar að vinna til traustsins á ný. Þegar svo er komið hvílir sú ábyrgð á ríkisstjórninni að gera fólkinu í landinu og erlendum fjármálamörkuðum grein fyrir hvernig hún ætlar að reisa traust bankans við. Vantrúin á Seðlabankann má ekki við ríkjandi aðstæður færast yfir á ríkisstjórnina.

Þriðja stóra viðfangsefnið er að koma samskiptum við helstu viðskiptaþjóðirnar í eðlilegt horf. Engin þjóð lætur troða á rétti sínum og virðingu. En eftir því sem föng eru á þurfum við að halda í vináttu og traust þeirra þjóða sem næst okkur hafa staðið um langan tíma.

Hugsanlegt er að kalla Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til aðstoðar eins og málum er komið. Það gæti hjálpað til með tvenns konar hætti. Annars vegar með því að greiða fyrir gjaldeyrisviðskiptum. Hins vegar með því að leggja lið þeirri viðleitni að endurheimta traust þjóðarinnar á alþjóðavettvangi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?



Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

FRÁ DEGI TIL DAGS

Strandhögg

Eitt af þeim ritum sem ólíklegt er að verði endurprentað á allra næstu árum er bókin Straumhvörf – Útrás íslensks viðskiptalífs og innrás erlendra fjárfesta til Íslands, eftir Þór Sigfússon. Þar segir til dæmis frá upphafi útrásarinnar, þegar „nokkrir forystumenn í íslensku efnahagslífi tóku afgerandi ákvarðanir fyrir áratug síðan um að losa sig úr viðjum vanans og hefja strandhögg og byggja upp alþjóðleg fyrirtæki.“ Enn fremur: „Með strandhöggi erlendis eru að verða gríðarlegar breytingar á mörgum íslenskum fyrirtækjum.“ Þeir sem héldu að Þór hefði verið að nota líkingamál höfðu rangt fyrir sér því á daginn kom að íslenska útrásin var einmitt strandhögg. Og eftir fylgdu gripdeildir.

Enn ein hugafarsbreytingin

Þór skýrir í bókinni að útrasið... afsakið, útrásin hafi meðal annars haft í för með sér mikla hugarfarsbreytingu á Íslandi. „Stóra hugarfarsbreytingin í samfélaginu er auðvitað að við samfögnum þeim sem græða í stað þess að fordæma þá eins og áður tíðkaðist.“ Það má gera því skóna að þessi stóra hugarfarsbreyting sé að miklu leyti gengin til baka.

Óásættanlegt

Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, sagði framámönnum í bresku viðskiptalífi í gær að „afstaða íslenskra stjórnvalda vegna fjármálakreppunnar væri gjörsamlega óásættanleg“. Á íslensku ráðamannamáli þýðir þetta að Gordon Brown þykir við vera „algjör fífl og dónar“.

bergsteinn@frettabladid.is

SPOTTIÐ

Fórnarlambið?

UMRÆÐAN

Jón Baldvin Hannibalsson skrifar um ábyrgð Davíðs Oddssonar

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Niðurstaðan af eintali Davíðs Oddssonar við sjálfan sig í Kastljósi RÚV sl. þriðjudagskvöld 8. okt. vakti óskipta samúð hlustenda með örlögum þessa mæðumanns. Davíð hefur, að eigin sögn, verið saklaust fórnarlamb óreiðumanna og brennuvarga (hans eigin orð) sem á undanförnum árum hafa vaðið uppi í þjóðfélaginu og farið sínu fram, þrátt fyrir fyrirbænir og varnaðarorð hins áhrifalausa seðlabankastjóra.

Sjálfur var Davíð á móti útrásinni og segist reyndar aldrei hafa skilið hana.Hann segist ítrekað hafa varað við allri þessari sláttumennsku óreiðumannanna í útlöndum, en það hafi bara enginn hlustað á sig. Hann segist hafa beðið hina einkavæddu bankastjóra að gæta hófs en þeir skelltu við skollaeyrum. Hann segist hafa beðið þá í ríkisstjórninni – eftirmenn sína – um að stöðva feigðarflanið, en meira að segja þeir hlustuðu ekki á hann.

Bæði forsætis- og fjármálaráðherrann, þessir fyrrverandi undirsátar hans, daufheyrðust við fyrirbænum og bænakvaki hins áhrifalausa seðlabankastjóra. Það er alveg sama við hvern hann talaði: Enginn tók mark á orðum hans. Er nema von að honum finnist ósanngjarnt að skella skuldinni af þjóðargjaldþrotinu á hann? Samt segir hann að menn megi svo sem sín vegna gera sig að píslarvætti, ef þeim líði eitthvað betur við það.

Þetta er alveg nýr Davíð sem þarna birtist þjóð sinni. Lítillátur maður, að vísu vel meinandi en atkvæðalítill og pasturslaus. En fyrst og síðast misskilinn, vanræktur og gersamlega áhrifalaus. Og meira en það. Hann var öll þessi ár þar sem hann birtist þjóð sinni sem höstugur valdsmaður, sem aðrir lutu af ótta og lotningu, í raun og veru saklaust fórnarlamb myrkraafla, sem léku sér á kaldrifjaðan hátt að fjöreggi þjóðarinnar, meðan vörslumaður þess, Davíð Oddsson, sætti ofsóknum og var lagður í einelti, einangraður og áhrifalaus hornreka.

Svona getur spegilmynd samtímans orðið skrítin þegar fjölmiðlar í lýðræðisþjóðfélagi – í þessu tilviki Kastljósdrengirnir – valda ekki verkefnum sínum. Hvernig hefði alvörufjölmiðill í lýðræðisþjóðfélagi farið að í svona tilfelli? Er trúlegt að seðlabankastjóra – sem hefur „presiderað“ yfir hruni lánastofnana og greiðsluþroti þjóðarbúsins, eftir að hafa mistekist í sjö ár samfellt að ná yfirlýstum markmiðum peningastefnunnar – hefði verið boðið í drottningarviðtal, sem þjónaði þeim tilgangi að upphefja hans persónu í stað þess að láta hann standa fyrir máli sínu?

Með öðrum þjóðum hefði fjölmiðillinn hvatt til óháða sérfræðinga á sviði fjármála og viðskipta. Þá hefðu þeir ekki látið seðlabankastjórann komast upp með að þvo hendur sínar af eigin gerðum né heldur að leika saklaust fórnarlamb. Veruleikinn er nefnilega allur annar en leikritið sem var uppfært í Kastljósi gefur til kynna. En þá hefði seðlabankastjórinn sennilega ekki mætt í Kastljós því að hann hefur á löngum valdaferli vanið fjölmiðla við það, að hann tali bara í drottningarviðtölum. Birtingarform ritskoðunarinnar eru margvísleg, víðar en í landi Pútíns.

Höfundur var utanríkisráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar 1991-95.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

ÁRLEGT KJÓLABALL hljómsveitarinnar Heimilistóna fer fram í Iðnó á laugardagskvöld. Þar mun hljómsveitin, sem skipuð er landsþekktum leikkonum, flytja á íslensku þekkt lög frá gullaldarárum rokksins. Tónleikarnir hefjast klukkan 23 og ekki er verra að mæta prúðbúin til fara.

;ALLT

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Banfi kvöldverður

26. september - 15. október

26. september er á ný boðið upp á Banfi kvöldverð í Perlunni, þar sem andi Toscana héraðsins á Ítalíu svífur yfir vötnum. Á föstudögum og laugardögum spilar Jazztríó Björns Thoroddsen.

Aðeins 3 vikur!

Parmaskinka
með fíkjusalati og balsamico

Tígrisrækjur og smokkfiskur
á pappardelle pasta í tómat-basilsósu

Kálfahryggur á beini
með grilluðu grænmeti, kartöflumauki og madeirasósu

Sítrónugrass–kókoshneta og vanillu panna cotta
með kirsuberjaís og ávöxtum í chili-sírópi

6.590 kr.

Með 4 glösum af víni: 10.490 kr.

Villibráðarhlaðborð hefst 16. október.
Jólahlaðborð hefst 20. nóvember.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

Inga Rósa Ágústsdóttir er matreiðslumaður á leikskólanum Ásborg, þar sem lögð er áhersla á að matreiða frekar frá grunni en að bjóða upp á tilbúinn mat. Hún segir bananabrauð vinsælt hjá krökkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bananabrauð í kreppu

Inga Rósa Ágústsdóttir kokkur býður lesendum upp á uppskrift að góðu bananabrauði í frystinn. Hún bakar brauðið oft í leikskólanum Ásborg þar sem hún matreiðir ofan í leikskólakrakka.

Inga Rósa Ágústsdóttir er matreiðslumaður á leikskólanum Ásborg og líkar vel. Þar matreiðir hún hollan og góðan mat ofan í börnin og segir leikskólann leggja metnað í að bjóða ekki upp á tilbúinn mat.

„Ég elda mikið af grænmetisréttum sem krakkarnir eru mjög hrifnir af. Svo er líka hefðbundið hakk og spagettí og súpa sem við köllum orkusúpu. Grunnurinn að henni er eins og kjötsúpa nema hún inniheldur bara grænmeti og er í miklu uppáhaldi hjá krökkunum.“

Inga segist dugleg að elda heima enda hafi fólk með börn yfirleitt ekki val um annað. Hún eldar mikið af grænmetisréttum og segir enga matvendni á heimilinu. „Maðurinn minn er líka kokkur svo það er bara í genunum í börnunum okkar að borða allan mat. Við erum með barn með mjólkuróþol þannig að hér er ekki skyr og jógúrt í matinn og ég bý allt til frá grunni.“

Inga býður lesendum Fréttablaðsins upp á uppskrift að bananabrauði sem hún segir mjög gott að baka í frystinn. „Bananabrauðið er eitthvað sem börnin eru rosalega hrifin af. Það er mjög einfalt; allir geta bakað brauðið og ég baka það oft í leikskólanum.“

Hún segir tilvalið að nota banana sem eru farnir að þroskast full mikið í brauðið í stað þess að henda þeim og svo sé gott að frysta það.

Uppskriftina að bananabrauði Ingu Rósu er að finna á blaðsíðu 2.

heida@frettabladid.is

MATUR

ÓHÆTT er að segja að hollustan sé í hávegum höfð á veitingastaðnum Á grænni grein á Suðurlandsbraut 52. Þar er hægt að gæða sér á gómsætu grænmetislasagna og -buffi, salati og réttum dagsins sem eru ávallt bornir fram tveir saman, svo fátt eitt sé nefnt.

Föstudag:
Addi trúbador leikur af fingrum fram

Laugardag:
Hljómsveitin Bristol leikur af fágætri snilld

RAIN

Reykjanesbæ • Hafnargötu 10 • s: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is

NÝR STAÐUR Í HJARTA BÆJARINS

ÚTSÝNISFERÐ FYRIR BRAGÐLAUKANA

BORDAPANTANIR Í SÍMA +354 595 8545

Ingólfsstræti 1 . 101 Reykjavík . www.panoramarestaurant.is

panorama restaurant

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Jóhannes stefnir á Global Chef Challenge í Dublin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Forréttur Jóhannesar: Hægelduð bleikja og rauðspretturúlla með rauðsprettu og tómat-ravioli, bankabyggi, gulrótum og súraldinsmjörsósu.

Vann eftir erfiða viðureign

Keppnin um Matreiðslumann ársins er afstaðin en þar þreyttu krafta sína nokkrir af fremstu matreiðslumönnum landsins. Jóhannes Steinn Jóhannesson bar sigur úr býtum eftir erfiða viðureign.

„Satt að segja átti ég ekki von á sigri en þetta er mikill heiður og styrkir stöðu mína," segir Jóhannes Steinn Jóhannesson, matreiðslumaður á veitingastaðnum Silfri á Hótel Borg, sem hreppti titilinn Matreiðslumaður ársins í vikunni.

Fimm af fremstu matreiðslumönnum landsins kepptu til úrslita í keppninni sem fór fram í Hótel- og matvælaskólanum í Kópavogi. Keppendur höfðu tvo tíma til að undirbúa og skila inn þrírétta matseðli eftir að hafa fengið að sjá hráefnið daginn fyrir keppni. Þeir fengu fimm tíma til að skila inn forrétti á sjálfan keppnisdaginn og hinum réttunum á tíu mínútna fresti eftir það. Svo skiluðu fimm íslenskir dómarar, sem hafa alþjóðleg réttindi, inn áliti þar sem ljóst var að Jóhannes hafði tryggt sér sigur þótt mjótt væri á mununum.

Spurður út í aðferðina segist Jóhannes hafa varast að taka óþarfa áhættu heldur notfært sér hugmyndaflug og reynslu, en hann hefur starfað innan veitingageirans síðan 2001.

Óhætt er að segja að með sigrinum eigi Jóhannes eftir að safna í reynslusarpinn því hann hlaut í verðlaun námsferð til Englands, vikudvöl hjá Raymond Blanc á Le Manoir aux Quat'Saisons í Oxford og tvo daga á Texture hjá Agnari Sverrissyni í London, auk ársáskriftar að Gestgjafanum. Jóhannes keppir svo fyrir Íslands hönd í Global Chef Challenge-keppninni sem haldin er í Dublin á Írlandi í febrúar 2009. „Ég hlakka mikið til," segir hann og færir aðstoðarmanni sínum Arnþóri Þórsteinssyni, nema á Silfri, þakkir fyrir framlag hans í keppnina.

- hs, rve

Aldagamlar hefðir

Búrið nefnist ný osta- og sælkeraverslun sem hefur verið opnuð í Nóatúni 17. Þar býður Eirný Sigurðardóttir úrval af íslenskum og erlendum ostum.

Þegar komið er inn í Búrið blasa við bústnir ostar af ýmsum gerðum í borðum og skápum. Ilmurinn er líka höfugur. Sérstaða verslunarinnar felst meðal annars í heimagerðum ostum frá bændabýlum í Bretlandi og Frakklandi að sögn eigandans Eirnýjar. „Ég flutti heim frá Bretlandi fyrir rúmu ári og saknaði svo gæðaostanna sem ég vandist þar. Þeir eru meðal annars frá bændum sem hafa viðhaldið aldagömlum hefðum. Sú framleiðsla var að deyja út þegar maður að nafni Randolph Hodgeson stofnaði lítið fyrirtæki Neals Yard Dairy árið 1979 sem bæði framleiðir gæðaosta og tók osta frá bændunum í sölu. Ég flyt inn osta frá fyrirtækinu og er líka með íslenska eðalosta," segir Eirný sem einnig selur hágæðahunang, sultur og ávaxtamauk.

- gun

„Ég saknaði svo bresku ostanna þegar ég kom heim úr 17 ára útlegð að ég ákvað að flytja þá inn," segir Eirný, eigandi Búrsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

UPPSKRIFT INGU RÓSU

BANANABRAUÐ

3 vel þroskaðir bananar
2 egg
1 bolli sykur
2 bollar hveiti
1 tsk natrón
1 tsk lyftiduft

Bananarnir maukaðir og öllu blandað saman. Sett í form og bakað við 150 gráður á blæstri í eina klukkustund.

Jólahlaðborð fyrirtækja.
Bókið sem fyrst.
Nánari upplýsingar á idusalir.is

IÐUSALIR

JÓLAHLAÐBORÐ Í IÐUSÖLUM

IÐUSALIR

www.idusalir.is
Iðusalir | Lækjargata 2 a - Iðuhúsinu | s: 517 5020 - idusalir@idusalir.is

VERSLUNIN Súkkulaði og rósir á Hverfisgötu 52 er kærkominn viðkomustaður um helgina fyrir þá sem vilja gleðja sína nánustu. Þar stendur verslunareigandinn og leikkonan Edda Heiðrún Backman vaktina og uppfræðir viðskiptavini um blómin sem þar eru á boðstólum og leyndardóma súkkulaðis.

Fjölskyldan á tónleika

Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir fjölskyldutónleikum á laugardag. Tónlistin er undir áhrifum frá tónlistarhefð sígauna sem eiga sér ríka og einstaka tónlistarhefð þrungna tilfinningum og lífsgleði.

Fjölskyldan getur gert sér glaðan dag um helgina því á laugardag heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrstu tónsprotatónleika vetrarins. Þeir bera yfirskriftina Sjóðheit sígaunasveifla og er tónlistin undir áhrifum frá sígaunatónlist eftir meistara eins og Brahms og fleiri. Tónleikarnir eru stílaðir inn á fjölskylduna.

„Þetta verður mikil flugeldasýning og fjör," lofar Þorgeir Tryggvason, kynningarfulltrúi Sinfóníuhljómsveitarinnar, um tónleikana sem hefjast klukkan 14 á morgun og standa yfir í klukkutíma. Yngstu tónlistarunnendurnir eru velkomnir á tónleikana sem verða kynntir af trúðnum Barböru í meðförum Halldóru Geirharðsdóttur leikkonu. Barbara var einnig kynnir á fjölskyldutónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í fyrra. Þýski hljómsveitarstjórinn Sebastian Terwinkel mun stjórna hljómfalli á tónleikunum á laugardag og kemur fiðluleikarinn Rachel Barton Pine meðal annars fram. Hún þykir einn magnaðasti fiðluleikari samtímans og litríkur stíll hennar hentar þessari tegund tónlistar vel. Pine ólst upp í mikilli fátækt og fór ung að vinna fyrir fjölskyldunni með fiðluleik. Hún hefur vakið athygli fyrir óvenjulegar aðferðir til að ná til yngri áheyrenda en hún hlustar á þungarokk og er jafnvíg á Metallica og Mozart.

Fernir tónleikar með þessu sniði verða í vetur. Næstir verða jólatónleikar en þeir hafa jafnan verið mjög vinsælir að sögn Þorgeirs og eru orðinn fastur liður í jólahaldi margra.

heida@frettabladid.is

Fiðluleikarinn Rachel Barton Pine þykir með mögnuðustu fiðluleikurum heims í dag.
MYND/SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Trúðurinn Barbara verður kynnir á fjölskyldutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á laugardag.
MYND/SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Við gerum veisluna þína

Brauðbær sérhæfir sig í dönsku smurbrauði og pinnamat. 40 ára reynsla og fagmennska tryggir gæði veislubjónustu okkar – vertu viss um að fá fyrsta flokks veitingar í veisluna þína.

Pöntunarsími 552 0490 eða 511 6200

Brauðbær • Hótel Óðinsvé • Þórsgata 1 • odinsve@odinsve.is • odinsve.is

Ráðstefnur | Fundir | Árshátíðir | Brúðkaup | Óvissuferðir

Góðir landsmenn!

5% lækkun…

…fram að áramótum!
Við leggjum okkar að mörkum og hjálpum Íslandi að komast á réttan kjöl.

18. Október

SVIÐAMESSA

Veislustjóri: Árni Johnsen
Gisting, matur, skemmtiatriði og ball
Verð: 8.900 kr. á mann - 5% = 8.455 kr.
Án gistingar: 4.500 kr. á mann - 5% = 4.275 kr.

25. Október

FRANSKT KVÖLD

Gisting, 4 rétta matseðill og vín
Lifandi tónlist og ball
Verð: 11.500 kr. á mann.
- 5% = 10.925 kr.
Án gistingar 6.500 kr - 5% = 6.175 kr.

Grafíska vinnustofan ehf. HH08-0128

hótel hvolsvöllur

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: +354 487 8050 | fax: +354 487 8058 | hotelhvolsvollur@simnet.is | www.hotelhvolsvollur.is

TÍSKA

ÞESSIR skór eru hluti af nýrri afmælisútgáfu af Stinky Rat-línu tískuhönnuðarins Marc Jakobs. Hann fékk graffítí-listamanninn Kaws í lið með sér við hönnun línunnar sem var fyrst sett á markað fyrir tíu árum. Eins og hér má sjá hefur samstarfið borið góðan árangur.

LAGERSALA

Lokadagar lagersölunnar hjá

Arctic Trading Company

Föstudaginn 10. okt. og laugardaginn 11. okt. kl. 10.00-15.00

Góðar vörur á frábæru verði. Hársnyrtivörur, burstar o.fl. snyrtivörur og snyrtitöskur. Disney ungbarnavörur og margt fleira.

Arctic Trading Company

Nýbýlavegi 30 • Dalbrekku megin Kópavogi

Edda Ósk segir steinefnafarðann njóta mikilla vinsælda víða erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Augnskuggar í úrvali.

Heimatilbúnar snyrtivörur

Tölvunarfræðingurinn Edda Ósk Ólafsdóttir kynntist heimatilbúnum snyrtivörum á netinu og þær framleiðir hún á heimili sínu í Grafarholti. Hún býður meðal annars upp á augnskugga, gloss, krem og farða.

Edda Ósk Ólafsdóttir framleiðir snyrtivörur á heimili sínu undir vörumerkinu EÓ Cosmetics.

„Ég kynntist þessu á netinu fyrir um það bil tveimur árum. Um er að ræða svokallað „mineral makeup“ eða steinefnafarða en hann hefur notið mikilla vinsælda erlendis. Ég panta efniviðinn í snyrtivörurnar og umbúðirnar frá Bandaríkjunum og blanda vörurnar heima,“ segir Edda Ósk en hún framleiðir meðal annars augnskugga, gloss, farða, kinnalit og krem.

Með heimsklassaleikmenn í hverri einustu stöðu

Valskonur töpuðu stórt fyrir sænsku meisturunum í Umeå í fyrsta leik sínum í riðli sínum í 2. umferð Evrópukeppninnar í gær. Umeå skoraði fyrsta markið eftir 10 mínútna leik og var komið í 3-0 fyrir hálfleik, þökk sé þrennu sænsku landsliðskonunnar Hönnu Ljungberg. Margrét Lára Viðarsdóttir náði að minnka muninn í upphafi seinni hálfleiks en Svíarnir bættu strax við fjórða markinu og það var síðan hin brasilíska Marta sem gulltryggði sigurinn.

„Þetta er frábært fótboltalið og geta liðsins er bara töluvert meiri en okkar. Hjartað sló í 90 mínútur og leikmenn lögðu sig rosalega mikið fram. Ég er ánægð með liðið að mörgu leyti. Við verðum bara að átta okkur á því að það eru heimsklassaleikmenn í hverri einustu stöðu og hæfileikarnir eru meiri en hjá okkur," sagði Elísabet Gunnarsdóttir, annar þjálfari Valsliðsins eftir leik. Umeå-liðið hitti á mjög góðan leik og Valsliðið mátti ekki við því. „Maður dáðist líka að því hvað þær lögðu mikið í leikinn. Þjálfari þeirra talaði um það eftir leikinn að þetta væri einn besti leikur þeirra seinni hluta sumars," segir Elísabet. „Við mættum mjög ákveðnar til leiks í seinni hálfleik og við áttum miklu betri leik í seinni hálfleiknum. Við minnkuðum muninn en við náðum varla að fagna því áður en þær voru búnar að skora nokkrum sekúndum síðar," segir Elísabet. Hún segir tilfinninguna eftir þennan leik þó vera allt aðra en eftir 0-4 tap fyrir KR í bikaúrslitaleiknum á dögunum.

„Við töpuðum bikarúrslitaleik eftirminnilega fyrir stuttu og þá var maður óánægður með liðið og framlag til leiksins var lélegt. Í dag var það ekki svoleiðis," segir Elísabet sem segir að ekkert hafi breyst og leikurinn á móti ítalska liðinu Bardolino á laugardaginn væri enn þá úrslitaleikurinn fyrir Valsliðið. „Það er bara leikurinn," segir Elísabet að lokum.

PLATINI Vill launaþak en segir það ekki gerast strax. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Peningamál fótboltans:

Platini vill sjá launaþak

FÓTBOLTI Mikil umræða um launamál í knattspyrnuheiminum á sér stað þessa daga. Lord Triesman, formaður enska knattspyrnusambandsins, hefur mælt með launaþaki á ensku úrvalsdeildina þar sem félögin séu flest afar skuldsett.

Triesman telur það algera nauðsyn að setja á launaþak svo félög fari ekki í gjaldþrot.

Michel Platini, forseti evrópska knattspyrnusambandsins, UEFA, er á sama máli og telur það nauðsynlegt fyrir íþróttina. Hann sér þó ekki fyrir sér að það gerist á næstu misserum.

„Við verðum að fara varlega í þessi mál og sjá hvað við getum gert enda yrði það fótboltanum í hag að koma á launaþaki," sagði Platini. **- hbg**

Króatísku dómararnir skelfilegir

Íslandsmeistarar Hauka stóðu sig ágætlega gegn þýska stórliðinu Flensburg í Campushalle í gær. Haukar töpuðu með sex marka mun, 35-29. Þjálfari Hauka var mjög ósáttur við dómgæsluna í leiknum.

HANDBOLTI Það óttuðust margir að Haukar yrðu kjöldregnir af þýska liðinu Flensburg í gær en af því varð ekki. Haukar stóðu ágætlega uppi í hárinu á þýska risanum en töpuðu að lokum með fimm marka mun, 35-29.

Haukar byrjuðu leikinn vel og um miðbik hálfleiksins náðu þeir þriggja marka forskoti, 9-12. Þá tóku leikmenn Flensburg öll völd á vellinum og skoruðu tíu mörk gegn tveimur fram að hálfleik og leiddu þar af leiðandi með fimm mörkum í hálfleik, 19-14. Haukar byrjuðu grimmir í síðari hálfleik og náðu að minnka muninn í þrjú mörk en nær komust þeir ekki. Flensburg hélt þeim ávallt í þægilegri fjarlægð og landaði að lokum fimm marka sigri.

„Við spiluðum virkilega góðan leik. Það er ekkert öðruvísi. Við komumst í 9-12 og hefðum getað bætt við en þá tóku dómararnir völdin og hentu okkur af velli hvað eftir annað. Það var bara of mikið. Þetta króatíska dómarapar var skelfilegt og sérstaklega annar þeirra sem dæmdi beinlínis á móti okkur," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn.

„Annars er ég mjög ánægður með strákana. Töpum seinni hálfleiknum með einu marki og það þrátt fyrir þessa dómgæslu. Það var alger vendipunktur er við minnkuðum muninn í 29-27 úr hraðaupphlaupi en það var dæmt skref á okkur sem var algert bull. Í kjölfarið er einn af okkar mönnum rekinn af velli, þeir ganga á lagið og klára leikinn," sagði Aron en hans menn létu ekki troðfulla höll í Flensburg slá sig út af laginu og Aron segir leikmenn sína geta borið höfuðið hátt.

„Kári var að spila virkilega vel allan leikinn. Andri kom upp í seinni hálfleik. Svo var Arnar Péturs-son sterkur en hann kom nánast beint í leikinn frá Íslandi. Byrjaði á bekknum en kom svo inn og stóð sig vel. Það munaði um það hjá okkur að Gunnari Berg var tvisvar vikið af velli í fyrri hálfleik og ég gat því ekki beitt honum sem skyldi í vörninni eftir það. Það vantaði svo talsvert upp á markvörsluna hjá okkur. Þess utan er ég stoltur af strákunum sem sýndu flotta frammistöðu á virkilega erfiðum útivelli þar sem var mikið mótlæti í dómgæslu," sagði Aron. **henry@frettabladid.is**

STERKUR Kári Kristjánsson var markahæstur Hauka með sjö mörk og átti stórleik. Andri Stefan kom næstur með sex mörk. MYND/LIVING SPORTS

STEMNING Sigurbergur Sveinsson fagnar hér marki í Campushalle. MYND/LIVING SPORTS

HK-ingar biðjast afsökunar á lélegum leik eftir öruggan sigur Akureyrar í gær:

Við urðum okkur til skammar

HANDBOLTI Akureyri vann öruggan 30-21 sigur á HK norðan heiða í gær. „Þetta er frábær vörn fyrir framan mig og stemningin í húsinu var stórkostleg," sagði Hafþór Einarsson markmaður sem fór á kostum í gær.

Akureyri hafði undirtökin í fyrri hálfleik þökk sé frábærri vörn og góðri markvörslu Hafþórs sem varði ellefu skot í fyrri hálfleik og alls 24 í leiknum. Heimamenn skoruðu sex mörk úr hraðaupphlaupum og náðu mest fimm marka forystu og höfðu 14-10 yfir í hálfleik.

HK gekk illa að finna svör við þéttum varnarleik heimamanna og virtust þunglamalegir í sókninni. Þeir skoruðu aðeins fimm mörk fyrstu fimmtán mínúturnar og ekki tók betra við í seinni hálfleik. Þá lokaði Hafþór markinu enn frekar og HK skoraði aðeins tvö mörk fyrsta korterið. Liðið var lélegt og skoraði ekki fyrstu tíu mínúturnar á meðan Akureyringar spiluðu mjög vel, náðu mest tíu marka forystu og unnu sanngjarnan 30-21 sigur.

„Þetta var hneisa," sagði HK-ingurinn Sverre Jakobsson sem er uppalinn á Akureyri.

„Við komum með hangandi haus til leiks og höldum að við séum kóngar eftir að hafa unnið Hauka. Þetta er bara skandall. Ég er ekki að segja að það sé ekki hægt að tapa hér fyrir norðan, þeir eru með hörku lið, en að tapa með svona byrjendabolta er hneisa fyrir félagið og við urðum okkur til skammar í dag. Ég vil biðja stjórnina og stuðningsmennina afsökunar á þessu," sagði Sverre sem sagði nauðsynlegt fyrir liðið að vinna næsta leik.

Hafþór var mun sáttari. „Þetta var mjög góður leikur að okkar hálfu. Við spiluðum vel saman sem heild og þá gengur allt saman upp. Það er góð stemning í kringum liðið og umgjörðin er frábær. Herbert Guðmundsson með Can´t walk away hér fyrir leik átti sinn þátt í að koma okkur í stuð eins og annað," sagði Hafþór glaðbeittur en Herbert hitaði áhorfendur upp fyrir leikinn.

„Áhorfendur voru frábærir og með troðfullt hús þarf að vera eitthvað að ef þú ætlar þér ekki eitthvað. Við getum allt sem við viljum ef við höldum þessu áfram." **- hþh**

HARÐORÐUR Sverre Jakobsson var ekki sáttur með leik HK. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

AKUREYRI-HK 30-21

Mörk Akureyrar: Oddur Grétarsson 6 (9), Andri Snær Stefánsson 5/3 (7), Heiðar Þór Aðalsteinsson 5 (7), Árni Þór Sigtryggsson 5 (15), Hörður Fannar Sigþórsson 4 (7), Jónatan Magnússon 2 (7/1), Þorvaldur Þorvaldsson 1 (1), Rúnar Sigtryggsson 1 (1), Elfar Halldórsson 1 (2).
Varin skot: Hafþór Einarsson 24/44 55%, Jesper Sjögren 0/1 0%
Hraðaupphlaup: 9 (Oddur 4, Heiðar 2, Rúnar, Andri). **Fiskuð víti:** 4 (Árni 2, Hörður 2)
Utan vallar: 4 mínútur
Mörk HK: Valdimar Þórsson 6/4 (11), Gunnar Steinn Jónsson 4/1 (10), Einar Ingi Hrafnsson 3 (5), Sverre Jakobsson 2 (2), Magnús Magnússon 2 (4), Hlynur Már Magnússon 2 (4), Ásbjörn Stefánsson 1 (3), Bjarki Már Gunnarsson 1 (4), Hákon Bridde 0 (2), Jón Björgvin Pétursson 0 (2), Sigurgeir Árni Ægisson 0 (1).
Hraðaupphlaup: 2 (Sverre, Magnús)
Fiskuð víti: 5 (Einar, Valdimar, Jón Björgvin, Magnús). **Utan vallar:** 4 mínútur
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 10/30 33%, Björn Ingi Friðþjófsson 6/16 38%.

Hagfræði

ÍSLENSKA SIÁJS NÁT 43873 10/08

dagskrá

> Daniel Craig

„Ég ætlaði alltaf að verða leikari og ég var svo hrokafullur að það hvarflaði ekki að mér að ég myndi gera eitthvað annað en að leika.“ Craig leikur í myndinni Munich sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON SNÝST Í HÁLFHRING

Kynjakvóti á krepputímum

Þrír blaðamannafundir, þrjá daga í röð. Öndinni hefur verið haldið niðri í samfleytt þrjár klukkustundir. Sessunautur minn hefur ekki borðað síðan kreppan brast á. Og alltaf hefur maður búið sig undir það versta. Að dómsdagur væri skollinn á, matarmiðum yrði dreift til Íslendinga og vatn og rafmagn yrði skammtað. Að maður yrði kannski eins og Rússarnir sem sáust á sjónvarpsskjánum undir lok kommúnismans og biðu eftir því að fá brauð. Á bak við blöstu bara tómar hillur, tómir kælar. Kannski, einn daginn, eigum við eftir að halda þjóðhátíð þegar McDonalds opnar á nýjan leik eftir tíu ár.

Og maður veltir því fyrir sér; Hverjir munu stjórna Íslandi? Verður lýðveldið kannski skiptimynt milli heimsveldanna tveggja, Breta og Rússa? Hvað verður um bresku sveitarfélögin sem eru að tapa milljörðum og þurfa að skerða þjónustu við íbúana. Kannski fá lesblind bresk börn ekki þá aðstoð sem þau þurfa eða fækka verður hjúkrunarrýmum á sjúkrahúsum.

FÁRANLEGT Fyrirsagnirnar í erlendum miðlum snúast ekki um réttindi kynjanna. Þær snúast um hvort að Ísland sé farið á hausinn eða ekki.

Íslendingar þurfa hæfasta fólkið til að leiða okkur út úr þeirri kreppu sem nú ríkir. Kreppan er augljóslega svo mikil að það þarf að boða til blaðamannafundar á hverjum degi með heimspressunni. Meira að segja BBC og CNBC, Sky og allar hinar stöðvarnar eru með beinar útsendingar frá landinu og það hefur ekki gerst síðan Reagan og meistari Gorbatsjev hittust fyrir utan Höfða.

En maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort það skipti máli hvort hæfasti maðurinn sé kona eða karl. Fyrirsagnirnar í heimspressunni hljóða væntanlega ekki svo á morgun: „Eyja í kreppu með kynjakvóta“. Mér er til efs að nokkrum blaðamanni á einhverjum hinna erlendu miðla hafi verið það efst í huga hvort stjórnendur ríkisbankanna yrðu karlkyns eða kvenkyns. Ég held að þeir hafi frekar hugsað til þeirra sparifjáreigenda sem bíða nú milli vonar og ótta eftir fregnum af afdrifum ævisparnaðarins.

EKKI MISSA AF

▶ 20.00 Failure to Launch STÖÐ 2 BÍÓ

▶ 20.10 Charmed SKJÁR EINN

▶ 21.10 Beauty and The Geek STÖÐ 2

▶ 21.30 Happy Hour STÖÐ 2 EXTRA

▶ 22.50 Rebus - Hver er maðurinn? SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

16.00 Káta maskínan (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.25 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar (55:65)
17.47 Snillingarnir (52:54)
18.10 Ljóta Betty (Ugly Betty) (23:23) Bandarísk þáttaröð um venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Útsvar Í þættinum í kvöld eigast við lið Borgarbyggðar og Dalvíkurbyggðar. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.
21.15 Stórfótur (Bigfoot) Bandarísk ævintýramynd frá 1987. Fjölskylda fer í nokkurra daga fjallaferð og rekst á sjálfan Stórfót. Aðalhlutverk: Adam Carl og Dianne Wiest.
▶22.50 Rebus - Hver er maðurinn? (Rebus: The Naming of the Dead) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ian Rankin um John Rebus rannsóknarlögreglumann í Edinborg. Aðalhlutverk: Ken Stott, Claire Price og Jennifer Black.
00.00 Nynne (Nynne) Dönsk gamanmynd frá 2005 byggð á vinsælum dálki í Politiken um unga konu sem er illa haldin af neyslubrjálæði. Aðalhlutverk: Mille Dinesen, Laura Christensen, Claes Bang og Tatiana Pajkovic. (e)
01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Búi og Símon
10.00 The Legend of Johnny Lingo
12.00 Failure to Launch
14.00 Danny Deckchair
16.00 Búi og Símon
18.00 The Legend of Johnny Lingo
▶20.00 Failure to Launch Rómantísk gamanmynd með Söruh Jessicu Parker og Matthew McConauhey í aðalhlutverkum.
22.00 Munich Hörkuspennandi verðlaunatryllir með Eric Bana og Daniel Craig í aðahlutverkum.
00.40 The General's Daughter
02.35 Possible Worlds
04.05 Munich

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkarnir í næsta húsi, Justice League Unlimited, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félagar.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (167:300)
10.15 Grey's Anatomy (12:36)
11.00 Hæðin (7:9)
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 Forboðin fegurð (51:114)
13.45 Forboðin fegurð (52:114)
14.30 Meistarinn (2:15)
15.25 Bestu Strákarnir (11:50)
16.00 A.T.O.M.
16.23 Bratz
16.48 Nornafélagið
17.08 Jólaævintýri Scooby Doo
17.33 Bold and the Beautiful
17.58 Neighbours
18.23 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons (11:22)
19.55 Logi í beinni Laufléttur spjallþáttur í umsjón Loga Bergmanns Eiðssonar.
20.40 Ríkið (7:10) Þættirnir gerast á óræðum tíma þar sem allt er kjánalegt, húsgögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstaklega fólkið.
▶21.10 Beauty and The Geek (11:13) Fjórði hópur nörda og fegurðardísa er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku- og krúttkeppni.
21.55 Bad News Bears Gamanmynd um fyrrverandi atvinnumann í hafnabolta sem er fenginn til að þjálfa skólalið sem er að falla úr deildinni.
23.50 A Foreign Affair Rómantísk gamanmynd um tvo bræður sem fara til Rússlands í von um að þar muni þeir hitta tilvonandi eiginkonur sínar og að þær komi með þeim til Bandaríkjanna og sjái um heimilið fyrir þá.
01.15 Batman Begins
03.30 Lawnmower Man
05.15 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

18.25 Inside the PGA
18.50 Gillette World Sport
19.20 F1. Við rásmarkið Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.
20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Hver umferð skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
20.30 NFL deildin Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
21.00 Ultimate Fighter Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.
22.00 Ultimate Fighter
23.00 UFC Unleashed
00.00 World Series of Poker 2008
00.50 Timeless
01.15 F1. Við rásmarkið
01.55 Formúla 1 2008 Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Japan.
04.45 Formúla 1 2008 Bein útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Japan.

SPORT 2 *enski boltinn*

17.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Wigan og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.
19.10 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Sunderland og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
20.50 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
21.20 PL Classic Matches Everton - Liverpool, 2003. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.50 PL Classic Matches Chelsea - Tottenham, 2003. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Blackburn og Hull City í ensku úrvalsdeildinni.
00.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Hull City og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Game tíví (e)
09.15 Vörutorg
10.15 Óstöðvandi tónlist
16.20 Vörutorg
17.20 America's Funniest Home Videos (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 Rachael Ray
19.20 Friday Night Lights (e)
▶20.10 Charmed (4:22) Djöfull í dulargervi gerir Piper lífið leitt þegar sonur hennar er að taka þátt í leiksýningu í leikskólanum. Billie leiðist að læra undirstöðuatriðin í göldrum og tekur málin í sínar hendur og Paige sér Dex með annarri konu.
21.00 Singing Bee (4:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Að þessu sinni eigast við starfsfólk Dominos og McDonalds.
22.00 Law & Order (3:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
22.50 The Eleventh Hour (11:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti.
23.40 Criss Angel. Mindfreak
00.05 Swingtown (e)
00.55 CSI. Miami (e)
01.45 In Plain Sight (e)
02.35 America's Funniest Home Videos (e)
03.00 America's Funniest Home Videos (e)
03.25 Jay Leno (e)
04.15 Jay Leno (e)
05.05 Vörutorg

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og **Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

LOGI Í BEINNI
Stöð 2 kl. 19.55

Logi Bergmann er kominn á fulla ferð annan vetur sinn í spjallþættinum Logi í beinni. Eins og nafnið gefur til kynna er þátturinn sendur út beint með áhorfendur í sal og fær Logi til sín góða viðmælendur og tónlistarfólk. Gestir Loga að þessu sinni verða sannarlega ekki af verri endanum. Sjálfur íþróttaálfurinn og skapari Latabæjar, Magnús Scheving, stendur á vissum tímamótum á ferli sínum og lýsir þeim fyrir Loga. Hanna Birna Kristjánsdóttir ræður ríkjum í öðrum góðum bæ sem nýbakaður borgarstjóri Reykjavíkur og KK tekur ný lög af væntanlegri plötu sinni og segir frá tilurð hennar og því sem fram undan er.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Bad News Bears
Stöð 2 kl. 21.55

Gamanmynd sem segir frá Morris Buttermaker, fyrrverandi atvinnumanni í hafnabolta, sem er drykkfelldur meindýraeyðir. Þegar hann er fenginn til að þjálfa skólalið sem er að falla úr deildinni þarf hann að sýna gott fordæmi ef hann á að ná að koma liðinu í gott form fyrir aðalkeppni ársins. Aðalhlutverk: Billy Bob Thornton, Marcia Gay Harden, Greg Kinnear.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Vítt og breitt
14.03 Tónleikur
15.03 Útvarpssagan: Sveigur
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stjörnukíkir
21.10 Flakk
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (34:260)
16.30 Hollyoaks (35:260)
17.00 Ally McBeal (16:23)
17.45 Skins (6:10)
18.30 Happy Hour (9:13)
19.00 Hollyoaks (34:260)
19.30 Hollyoaks (35:260)
20.00 Ally McBeal (16:23) Gamanþættir sem fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar.
20.45 Skins (6:10) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
▶ **21.30 Happy Hour** (9:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
22.00 Las Vegas (14:19) Enn fylgjumst við með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu.
22.45 Prison Break (2:22) Michael Scofield braust út úr skelfilegu fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
23.30 Magick (1:4)
23.55 Twenty Four 3 (20:24)
00.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

iNN

20.00 Mér finnst... Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir.
21.00 Borgarlíf Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi veltir fyrir sér borgarmálum ásamt gesti sínum.
21.30 Guðjón Bergmann Hollusta, matvæli og heilsufar er til umræðu hjá Guðjóni Bergmann sem fær til sín Benediktu Jónsdóttur heilsufræðing hjá Manni Lifandi.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Jersild Live **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.25** Zanzibar - drømmen om paradiset **11.50** Rabatten **12.20** Hvor er vi landet? **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Det kongelige spektakel **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2008 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 2008 **19.45** Reimers **20.25** Kapring på åbent hav **22.05** En æressag **23.30** Boogie Listen

NRK 1

11.00 NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Megafon **13.35** Ace Lightning **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Mona Mørk **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Fragglene **16.25** En unge til **16.35** Pip **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Taggart **21.00** Kveldsnytt **21.15** Si at du elsker meg **22.05** Pink Floyd 1965-2005 **23.05** Berserk til Valhall **23.35** Kulturnytt

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Debatt **10.50** Mitt i naturen **11.40** Carin 21.30 **12.10** Svensson, Svensson **12.40** Andra Avenyn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Djursjukhuset **15.00** Disneydags **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Tillsammans för Världens barn **19.30** Varannan vecka **21.05** Morgonsoffan **21.35** Kulturnyheterna **21.50** Death Wish. Våldets fiende No.1 **23.20** Sändningar från SVT24

TÖFRAHEIMUR TÓNSPROTANS

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

11.10.08 | SJÓÐHEIT SÍGAUNASVEIFLA!
Hljómsveitarstjóri | Sebastian Tewinkel
Einleikari | Rachel Barton Pine

20.12.08 | JÓLATÓNLEIKAR
Hljómsveitarstjóri | Bernharður Wilkinson
Kór| Skólakór Kársness

21.03.09 | PÉTUR OG ÚLFURINN OG STÚLKAN Í TURNINUM
Hljómsveitarstjóri | Kurt Kopecky
Sögumaður| Halldór Gylfason

18.04.09 | ÞYRNIRÓS
Hljómsveitarstjóri | Bernharður Wilkinson
Dansarar| Nemendur úr Listdansskóla Íslands

STOÐIR er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Tónsprotatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar er ódýr og bráðholl skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Von er á Pétri og úlfinum, Þyrnirós og Stúlkunni í turninum í heimsókn, boðið verður upp á sjóðheita Sígaunasveiflu og hinir vinsælu jólatónleikar eru auðvitað á sínum stað. Fylgdu Tónsprotanum í ævintýraferð um heima tónlistarinnar í vetur!

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT!
FERNIR TÓNLEIKAR FYRIR AÐEINS **5.100** KRÓNUR!
Þeir sem gerast áskrifendur að Tónsprotanum njóta hagstæðari kjara, eiga sitt sæti og missa ekki af frábærri skemmtun. Hringdu núna í síma 545 2500.

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Mér finnst best að fara á Vegamót til að fá mér bita. Mér finnst umhverfið þægilegt og svo þekkir maður alltaf einhvern þar inni. Maturinn líka góður og ég fæ mér eiginlega alltaf louisiana kjúklingabita eða nachos með öllu á og Coca Cola Light.“

Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona.

Helgi Seljan sennilega fífl og dóni Geirs

„Algjört fífl þessi maður – og dóni,“ hvíslar Geir Hilmar Haarde í eyra Urðar Gunnarsdóttur upplýsingafulltrúa á blaðamannafundi í Iðnó í gær. Forsætisráherra er ótvírætt, að mati Vísis, sem birtir myndskeið þar sem heyra má þessi ummæli falla, að tala um Helga Seljan fréttamann Kastljóss.

Þegar spurningum íslensku blaðamannanna lauk með svörum Geirs og Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra biður Geir íslensku pressuna um að yfirgefa salinn svo ávarpa megi enskumælandi fjölmiðlamenn. Þá gellur í Helga sem segir: „Geir!“ En forsætisráðherra þaggar snarlega niður í frammíköllum og snýr sér svo að Urði með þessa athugasemd. Hann gætir hins vegar ekki að því að míkrófónninn nemur vel hvað hann segir.

Helgi Seljan vill ekki tjá sig um málið, segist reyndar ekki geta fullyrt um hvort átt hafi verið við sig, hann hafi ekki heyrt þessi ummæli enda á leið úr salnum. Þórhallur Gunnarsson ritstjóri Kastljóss tekur í sama streng. „Ég get ekkert fullyrt um að hverjum hann beinir þessum orðum þó að Vísir fullyrði að Geir eigi við Helga. Það er eiginlega ekki mitt að kommentera á þetta. Það verður eiginlega að spyrja Geir að því,“ segir Þórhallur.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Urði til að fá svar við því um hvern forsætisráðherra hafi verið að tala né heldur náðist í Geir – sem hefur í nægu að snúast þessa dagana. - jbg

HELGI SELJAN Í IÐNÓ Í GÆR Lét til sín taka á blaðamannafundinum í gær og var augljóslega ekki vinsælasti spyrjandinn í huga Geirs og Björgvins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



LÁRÉTT
2. brennt vín, **6.** samanburðartenging, **8.** neitun, **9.** meðvitundarleysi, **11.** tveir eins, **12.** iðja, **14.** jurtaríki, **16.** kaupstað, **17.** efni, **18.** ari, **20.** sjúkdómur, **21.** land í asíu.

LÓÐRÉTT
1. erindi, **3.** öfug röð, **4.** samhliða, **5.** sigti, **7.** nýta, **10.** mál, **13.** upphaf, **15.** eldhúsáhald, **16.** ófarnaður, **19.** skst.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. romm, **6.** en, **8.** nei, **9.** rot, **11.** ðð, **12.** starf, **14.** flóra, **16.** bær, **17.** tau, **18.** örn, **20.** ms, **21.** laos.
LÓÐRÉTT: 1. vers, **3.** on, **4.** meðfram, **5.** mið, **7.** notæra, **10.** tal, **13.** rót, **15.** ausa, **16.** böl, **19.** no.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.
2. Útrás, athafnir, átök og einkamál.
3. Sparisjóður Suður-Þingeyjarsýslu.

ÍSLAGNIR
Löggildir rafverktakar
Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur
Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

POUL MADSEN: EKKI ÆTLUNIN AÐ SÆRA NEINN MEÐ ÍSLANDSSÖFNUN

Dönum stendur á sama um íslenska frændur sína

Poul Madsen, aðalritstjóri Ekstrablaðsins, telur Dani hafa litla samúð með frændþjóð sinni í norðri. Íslendingar hafi grafið sína gröf sjálfir og Dönum beri engin skylda til þess að hjálpa þeim upp úr henni. Madsen segist hins vegar sjálfur ekki vera þeirrar skoðunar.

Frétt Ekstrablaðsins um söfnun handa bágstaddri þjóð í norðri fyrir framan Magasin Du Nord, eitt útrásarvígi Íslands, vakti hörð viðbrögð meðal lesenda blaðsins og skiptust menn í tvo hópa. Annars vegar að Íslendingar ættu að líta í eigin barm og vera ekki að kalla á hjálp. Hins vegar að um ósmekklegt grín væri að ræða hjá Ekstrablaðinu og að það ætti að skammast sín. Ingimundur Gíslason skrifar meðal annars í athugasemd: „Þið ættuð að skammast ykkar. Íslenska þjóðin á í miklum erfiðleikum og þið gerið bara grín að því.“ Torkil Heinesen bætir við að það hljóti að vera grunnt á því góða milli Dana og Íslendinga, þá sérstaklega eftir að íslensku útrásarvíkingarnir festu kaup á mörgum af þekktustu vörumerkjum Dana.

Ekstrabladet brá í kjölfarið á það ráð að efna til skoðanakönnunar um hvað lesendum fyndist í raun og veru um aðstoð handa Íslendingum. Niðurstöðurnar voru nokkuð ótvíræðar. Tæplega sextíu prósent svarenda töldu að Íslendingar ættu enga hjálp skilið.

Madsen sagði að niðurstöðurnar kæmu sér óvart en þær hefðu verið viðbúnar. „Ég finn mikið til með Íslendingum á þessum tímum og finnst sjálfur að við ættum að leggja okkar af mörkum. En mín tilfinning er sú að danska þjóðarsálin sé ekki á sama máli. Þeim finnst útrásin ykkar hafa verið blaðra sem nú sé sprungin og að Dönum beri engar skyldur til þess að hjálpa. Þið hafi keypt mörg þekkt dönsk vörumerki en nú komi í ljós að engin innistæða sé fyrir þeim. Þetta sé því alfarið ykkur sjálfum að kenna og þar af leiðandi ykkar vandamál.“

Madsen kvaðst jafnframt vera leiður yfir því ef grín vefsjónvarpsins hefði ekki komist til skila. „Við fylgjumst grannt með gangi mála á Íslandi og vitum vel að ástandið er ekki gott. Okkur fannst hins vegar að það mætti einnig reyna að brosa í gegnum þetta og vildum leggja okkar af mörkum til þess,“ útskýrir Madsen. „Húmorinn er jú erfiður við að eiga á stundum eins og þessum,“ bætir hann við.

freyrgigja@frettabladid.is

HEFUR SAMÚÐ MEÐ ÞJÓÐINNI Ritstjóri Extrablaðsins segist finna til með Íslendingum. Hann viðurkennir þó að danska þjóðin sé ekki á sama máli. MYND: POLFOTO

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hemmi Gunn virðist skynja hjartslátt þjóðarinnar betur en flestir og það sem í loftinu liggur en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir viku hefur hann sett trúðinn Hemma inn í skáp og hinn „djúpþenkjandi Hemmi“ er nú tekinn við, á Bylgjunni að morgni sunnudaga. Gestur Hemma næst er 81 árs eilífðarrokkari sem er fyrst nú að gefa út sína fyrstu plötu. Hér er um að ræða sjálfan **Skafta Ólafsson** sem byrjaði á að syngja og spila inni í tjaldi á Lýðveldishátíðinni árið 1944.

Þeir urðu svekktir nemendur í MR þegar sérlegum árshátíðartónleikum var aflýst með engum fyrirvara. Tónleikana átti að halda á miðvikudagskvöld, sem eins konar upphitun fyrir árshátíðina sem haldin var í gær. Aðalnúmerið áttu að vera **Kiddi** og félagar í Hjálmum en þeir hringdu í forsvarsmenn nemendafélagsins og sögðust vera hálfslappir og gætu því ekki komið. Þá munu neyðarfundir **Geirs H. Haarde** í lðnó, þar sem tónleikarnir voru fyrirhugaðir, hafa sett strik í reikninginn því öll tæknimál fyrir hljómsveitarmenn voru komin í hnút.

Aðdáendur **Bubba Morthens** geta farið að undirbúa sig fyrir þægileg mánudagskvöld á næstunni. Fyrsti þáttur Færibandsins, nýs útvarpsþáttar Bubba, fer í loftið á Rás 2 á mánudagskvöldið eftir tíufréttir. -jbg

Ekki heimsendir þótt Bubbi fari í fæting

„Ef þú ætlar að fá eitthvað skemmtilegt komment frá mér um Bubba Morthens þá tekst þér það ekki,“ segir Bergur Ebbi í Sprengjuhöllinni. Bubbi var allt annað en ánægður með að bandið skyldi hætta við að troða upp á samstöðutónleikunum á miðvikudaginn og kallaði hljómsveitina „stelpurnar í Sprengjuhöllinni“ hjá Óla Palla á Rás 2.

„Svo er það nú varla heimsendir þótt Bubbi fari í fæting við mann,“ segir Bergur. „Hann og Dóri DNA eru að fara að lýsa einhverjum bardaga saman. Ætli Bubbi bjóði okkur ekki bara í grill bráðlega.“

Þótt Sprengjuhöllin hafi heykst á Bubbatónleikunum ætla þeir ekki að láta sitt eftir liggja í aðkallandi þjóðarpeppinu sem fram undan er. Þeirra fyrsta framlag er lagið „Byrjum upp á nýtt (Bestu kveðjur)“, sem nú er komið í spilun. „Við ætluðum að setja annað lag í spilun, lagið „Vegurinn“, og vorum að kynna það á X-inu á mánudaginn,“ segir Bergur. „Strax eftir viðtalið var bein útsending frá ávarpi Geirs Haarde. Þarna á útvarpssviðinu hjá 365 var meðal annars Hemmi Gunn að horfa, maður sem hingað til hefur verið einna hressastur á landinu. Hann og Ásgeir Kolbeinsson voru eitthvað að gantast fyrir ávarpið, en svo hljóðnuðu þeir eftir því sem Geir hélt áfram að tala. Þegar Hemmi Gunn var kominn með skeifu litum við Snorri á hvor annan og vissum að það kom ekki annað til greina en að breyta planinu og setja „Byrjum upp á nýtt“ strax í spilun.“

Nýja plata Sprengjuhallarinnar, Bestu kveðjur, kemur út um mánaðamótin október/nóvember. - drg

JAFNVEL HEMMI GUNN VAR KOMINN MEÐ SKEIFU Bergur Ebbi í Sprengjuhöllinni vill „Byrja upp á nýtt“.

Öndvegisrúm

20%
KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR
AF RÚMFATNAÐI

VORUM AÐ TAKA INN NÝJA RÚMFATALÍNU FRÁ
McGREGOR®
BY Vandyck

Höfum opnað nýrri og glæsilegri rúmadeild

heimahusid1008

KYNNINGARVERÐ:
149.800,-

Tvíbreitt rúm.
Tvískipt gormadýna m. pokagormum og
Memori Foam. 180x200 sm.
Verð: 198.800,- / Kynningarverð: 149.800,-

KYNNINGARVERÐ:
149.800,-

Rafmagnsbotn,
tvískipt dýna m. pokagormum
og Cold Foam. 96x200 sm.
Verð: 179.800,- / Kynningarverð: 149.800,-

NÝTT KORTATÍMABIL!!

Bjóðum upp á vaxtalaust lán í allt að 12 mán.
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

HEIMA HÚSIÐ
mood heima
Öndvegi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

Gesthús Dúna

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Svefnpokapláss kr. 1.500 nóttin

BAKÞANKAR
Þórgunnar Oddsdóttur

Næsta partí

Rúmum mánuði eftir að íslenska þjóðin nældi sér í ólympíusilfur með jákvæðnina að vopni er þjóðarsálin sokkin niður í þunglyndi og vesæld. Mér finnst það hafa verið í gær sem ríkisstjórnin stóð brosandi uppi á sviði, gegnt Seðlabankanum og klappaði í takt meðan handbolta-hetjurnar voru hylltar. Allir voru vinir, allir brostu og allir stóðu saman.

KANNSKI var þessi stund á vissan hátt táknræn. Einhvers konar lokapunktur íslensku útrásarinnar. Jakkafataklæddu útrásarvíkingarnir höfðu rutt brautina en það voru Strákarnir okkar sem komu heim með áþreifanlegan árangur úr stríðinu; alvöru silfurpeninga. Þótt vissulega hafi verið farið að halla undan fæti í efnahagslífinu á þessum tíma var þetta hápunktur æðisins. Staðfesting á því að litla Ísland gæti allt, að okkur skjátlaðist ekki þegar við sögðumst vera best og stærst í heimi.

NÚNA, nokkrum vikum síðar, kveður við annan tón við Arnarhól. Ólympíusilfrið telst varla til gjaldeyristekna og dugar ekki til að bjarga þjóðinni úr krísu. Í þokkabót virðast allir hafa gleymt heilræðum fyrirliðans sem útrýmdi neikvæðni með orðinu „bíb“. Væri ekki ráð að kalla hann inn á völlinn?

„EIGI skal gráta Björn bónda, heldur safna liði,“ mælti vitur kona (og forrík) forðum. Það er einmitt það sem við þurfum að gera núna. Það þýðir ekkert að liggja grenjandi undir teppi í marga daga. Þótt þessi veisla sé búin er ekki þar með sagt að við getum ekki farið að undirbúa þá næstu. Nú er lag að brydda upp á nýrri dagskrá og skipta um veislustjóra og áherslur. Safna nýju liði eins og Ólöf nefndi forðum.

TIL að byrja með væri gott að skrúfa aðeins fyrir testósterónið enda vilja sumir kenna karllægum gildum um það hvernig fyrir okkur er komið. Það vantar meiri píkuskræki í efnahagslífið og grámóskulegum jakkafötum mætti skipta út fyrir litríka kjóla. Þetta helst auðvitað allt í hendur svo ef við höldum vel á spöðunum koma stelpurnar okkar heim með gull af næsta stórmóti í knattspyrnu. Þetta verður spennandi. Ekki það að hin veislan hafi verið eitthvað léleg en það nennir enginn í eins þemapartí tvær helgar í röð.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 10. október, 283. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.04	13.15	18.24
Akureyri	7.52	12.59	18.05

Heimild: Almanak Háskólans

ILVA
einfaldlega betri kostur

Velkomin í ILVA

Glæsileg húsgagna- og gjafavöruverslun

Síðasta helgi opnunartilboða

Highline. Kommóða m/5 skúffum. Háglans.
H105xB74xD49 cm. 33.900,-
NÚ 19.900,-

Highline. Kommóða m/6 skúffum. Háglans.
H65xB143xD49 cm. 39.500,-
NÚ 24.900,-

Vintage. Loftljós, tvíþekja, brúnt/gler. 15.400,-
NÚ 9.990,-

Emil. H56xB86xL120/220 cm.
Skúffa, rúmfjöl og dýna seld sér. 29.900,-
NÚ 19.900,-

Vanessa. Svefnsófi, hvítlakkað járn.
Dýna seld sér. 90x200 cm. 32.500,-
NÚ 19.900,-

Tristan. Loftljós. Ø40 cm.
13.900,-
NÚ 8.990,-

Chiba. Tágastóll f/börn.
4.390,-
NÚ 3.450,-

Arbus. Skrifborð.
61x110 cm. 17.900,-
NÚ 12.900,-

Lubi. Tvíbreiður svefnbekkur.
Stærð á rúmi 160x200 cm. 74.900,-
NÚ 49.900,-

Bazzano. Svefnsófi.
Stærð á rúmi 122x200 cm. 89.500,-
NÚ 59.900,-

Havana. Tvíbreiður svefnsófi.
Stærð á rúmi 140x200 cm. 149.500,-
NÚ 99.900,-

© ILVA Island 2008

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík **s:** 522 4500
mánudaga - föstudaga **11-19** laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18**
Skoðaðu vörulistann okkar á www.ilva.is